

Hugsanaskekkjur, ályktanavillur og notkun fortalna í þjóðfélagsumræðu
Innihaldsgreining á blaðaumfjöllun um Norðlingaölduveitu.

Pálína Axelsdóttir Njarðvík

Lokaverkefni til MS gráðu í hagnýtri sálfræði
Leiðbeinandi: Ragna Benedikta Garðarsdóttir

Sálfræðideild
Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2019

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MS gráðu í hagnýtri sálfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Pálína Axeldóttir Njarðvík
Prentun:
Reykjavík, Ísland 2019

Formáli

Þann 8. ágúst 2016 rættist einn af draumum mínum. Ég stóð í fyrsta sinn á toppi Arnarfells hinu mikla með foreldrum mínum og horfði yfir Þjórsárver. Það er ekki auðvelt að komast á topp Arnarfells, maður þarf að vaða beljandi jökulár til að komast að rótum fjallsins. Það hefur heldur ekki verið þeim sem börðust fyrir Þjórsárverum auðvelt að gera það. Ómældum tíma, orku og fjármunum hefur verið varið í þá baráttu.

Baráttan fyrir verndun Þjórsárvera hefur verið hluti af mínu lífi lengi. Það fyrsta sem ég man eftir að hafa haft raunverulegar áhyggjur að var hvort Þjórsárver yrðu eyðilögð. Baráttan fyrir verndun Þjórsárvera er barátta þriggja kynslóða, svo löng var hún. Fjölmargir hafa lagt allt sitt að veði til þess að bjarga Þjórsárverum. Mamma mín er ein þeirra, raunar tók hún við keflinu af pabba sínum, en hann var meðal þeirra sem stóð fyrir tímamóta fundi í Árnosi 1972. Það má segja að á þeim fundi hafi baráttan hafist. Mamma mín var meðal þeirra sem stóð vaktina þegar baráttan var sem hörðust á árununum 2001-2006. Undir lok baráttunar kom að því að ég sjálf fór að skipta mér af þessu og þar með varð baráttan þriggja kynslóða. Það á ekki einungis við um mína fjölskyldu heldur er saga fleiri fjölskyldna úr sveitinni minni. Það er ósk mín að sú kynslóð sem kemur næst, þurfi ekki að hafa áhyggjur af Þjórsárverum.

Það er því ljóst, að í hjarta mínu er ég langt frá því að vera hlutlaus í þessu máli. Hins vegar, eftir framhaldsnám mitt við sálfræðideild Háskóla Íslands, þá vekur það áhuga minn að skoða umræðu um Norðlingaölduveitu frá öðru sjónarhorni en ég hef áður gert og beita þeim aðferðum sem ég hef lært á minni háskólagöngu. Ég þakka leiðbeinanda mínum, Rögnu Benediktu Garðarsdóttur fyrir góða leiðsögn og fyrir að ganga úr skugga um að ég haldi hlutleysi mínu og falli ekki í þá gryfju að leyfa rannsókninni að litast af mínum persónulegu skoðunum.

Einnig fá foreldrar mínir þakkir fyrir yfirlestur, uppihald og uppeldi. Án þeirra hefði ég aldrei valið þetta nám eða klárað þetta nám. María Kristín fær líka þakkir, fyrir að drösla mér áfram þegar ég nennti ekki meiru. Jón Karl fær líka þakkir, ég veit ekki fyrir hvað en mér finnst ósanngjarnt að skilja hann út undan. Vynir mínir fá líka þakkir fyrir ófá matarklúbbs fundi á meðan við unnum að meistaraþráðum okkar, þessi vnahópur hefur gert það að verkum að ég geng ekki út úr Háskóla Íslands aðeins með meistaraþráðu heldur einnig nýja og mikilvæga vni.

Ritgerðin er tileinkuð Jóni afa mínum, sem hóf baráttuna, mömmu minni, sem lagði miklu meira að veði heldur en ætti að þurfa og öllum öðrum sem börðust fyrir verndun Þjórsárvera.

Útdráttur

Nálægt miðju Íslands eru Þjórsárver. Gróðurfarslega, landfræðilega og vistfræðilega eru Þjórsárver eitt merkilegasta svæði landsins. Áratugum saman hefur verið deilt um hvort eigi að reisa þar Norðlingaölduveitu. Í þessari rannsókn verður innihaldsgreiningu beitt til þess að rannsaka fjölmiðlaumfjöllun um Norðlingaölduveitu á árunum 2001-2006. Innihaldsgreining er rannsóknaraðferð sem byggist á því að umfjöllun er kerfisbundið skráð og flokkuð. Leitað var að orðinu *Norðlingaölduveita* á tímarit.is. Úrtak rannsókarinnar samanstóð af 17 atriðum úr Fréttablaðinu og 51 atriði úr Morgunblaðinu eða 68 atriðum samtals. Allur texti sem úrtak rannsókarinnar innihélt var þaullesin með það að markmiði að túlka fjölmiðlaumræðu hans í út frá félagssálfræðilegum kenningum. Sérstaklega var leitað eftir dæmum um mann-og náttúruhverf sjónarmið, viðhorf, fortölur, réttlætingu á kerfinu og leiðsagnarreglur. Niðurstöður rannsókarinnar leiddu í ljós að í umræðu um Norðlingaölduveitu var fernt áberandi; markmiðadrifin hugsun, ágreiningur mannhverfra og náttúruhverfra sjónarmiða, viðhorf voru sterk og langlíf og að flakkað var á milli jaðar og kjarnaleiðar þegar fólk færði rök fyrir máli sínu. Auk þess voru fjölmörg dæmi um sokkinn kostnað og grænþvott. Einnig komu fyrir í umræðunni dæmi um aðrar leiðsagnarreglur og fortölur.

Abstract

Near the center of Iceland is an area called Þjórsárver. Geographically and ecologically, Þjórsárver is one of the most remarkable areas in the country. For decades, there has been a dispute as to whether to build Norðlingalda reservoir there. In this study, content analysis will be conducted to study the media coverage of Norðlingalda reservoir during the years 2001-2006. Content analysis is a research method based on the systematic recording and classification of coverage. The word Norðlingaölduveita was searched for at tímarit.is. A sample of the study consisted of 17 items from Fréttablaðið and 51 items from Morgunblaðið or 68 items in total. All the text contained in the study was carefully read to interpret media discussion based on social psychology. Particular attention was paid to examples of anthropocentrism and ethnocentrism, attitudes, persuasion, system justification and heuristics. The results of the study showed that in the debate about Norðlingaölduveita, four of those were prominent; Motivated reasoning, constant battle between anthropocentrism and ethnocentrism, attitudes were strong and long-lived, and migration between the central route and the peripheral route to persuasion. In addition, there were numerous examples of sunk costs and green washing. There was also a discussion of system justification, optimism bias and the anchoring bias.

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
Útdráttur.....	3
Abstract.....	4
Þjórsárver.....	8
Saga átaka.....	9
Hagsmunir.....	14
Innihaldsgreining.....	16
Náttúrusiðfræði.....	18
Frá mannhverfu til náttúruhverfu.....	19
Félagsleg drottnunargirni.....	23
Viðhorf.....	24
Fortölur.....	25
ELM - líkanið.....	25
Milli stafs og hurðar.....	27
Hurðarskellur.....	27
Grænþvottur.....	27
Réttlæting á kerfinu.....	29
Leiðsagnarreglur.....	30
Markmiðadrifin hugsun.....	31
Staðfestingarskekkja.....	32
Bjartsýnisvillan.....	33
Akkeri.....	34
Sokkinn kostnaður.....	34
Aðferð.....	37
Úrtak.....	37
Framkvæmd.....	38
Niðurstöður og umræða.....	39
Náttúrusiðfræði.....	39
Mannhverf sjónarmið.....	39
Náttúruhverf sjónarmið.....	41
Viðhorf.....	42
Fortölur.....	45
Grænþvottur.....	50
Réttlæting kerfisins.....	53
Markmiðadrifin hugsun.....	53

Staðfestingarskekkja	58
Bjartsýnisvilla	59
Akkeri	60
Milli stafs og hurðar/hurðaskellir	60
Sokkinn kostnaður	61
Lokaorð	63
Heimildaskrá	65

Frá því að Ísland var numið hafa íbúar þess lifað í miklu návígi við náttúruna. Frá upphafi hafa Íslendingar þurft að læra að lifa í og aðlagast síbreytilegri náttúru og náttúruhamförum. Sambúð Íslendinga við náttúruöflin hefur ekki alltaf verið auðveld, til dæmis hafa eldgos sett heilu sveitirnar í eyði. Heklugos árið 1104 setti nánast alla byggð í Þjórsárdal í eyði (Dugmore, Church, Mairs, McGovern, Peridikaris og Orri Vésteinsson, 2007). Gos í Öräfajökli 1362 þurrkaði út blómlega byggð Litla-Héraðs. Talið er að þar hafi verið 30 bæir, en gosið sjálft og jökulhlaupin sem því fylgdu eyddu allri byggð (Sævar Helgi Bragason, 2010). Skaftáreldar geisudu frá 1783-85, þeim fylgdu móða og eiturgufa og hafa þeir því verið kallaðir Móðuharðindin. Talið er að um tíu þúsund manns eða fimmti hver maður á Íslandi hafi dáíð og 75% búfjár sömuleiðis (Gunnar Karlsson, 2013).

Í byrjun 20. aldarinnar varð sú breyting að Íslendingar fóru að nýta sér náttúruauðlindir landsins til raforkuframleiðslu. Menn fóru að virkja bæjarlæki og önnur fallvötn. Síðan þá hafa Íslendingar nýtt vatnsorku til að framleiða rafmagn. Elliðaárnar voru virkjaðar og var Elliðaárstöð tekin í notkun árið 1921 (Justinussen, 2015). Ljósafossvirkjun í Sogi var tekin í notkun 1937. Landsvirkjun var stofnuð 1965. Búrfellsvirkjun, fyrsta stórframkvæmdin sem Landsvirkjun lagði í var gangsett árið 1970. Hætt var að skrá íbúa án rafmagns árið 1977 og Ísland því rafvætt að fullu (Sigrún Pálsdóttir, 2005). Á næstu áratugum komu fjölmargar hugmyndir um virkjanir fram. Mörgum þessara hugmynda fylgdu deilur og ekki voru allir sammála um hvaða svæði átti að virkja. Eitt þeirra svæða sem hvað mest og lengst hefur verið deilt um eru Þjórsárver og framkvæmdir við Norðlingaölduveitu sem hefðu sökkt Þjórsárverum að mestu.

Sú deila er viðfangsefni þessarar rannsóknar. Nánar tiltekið fjölmiðlaumfjöllun og umræða sem henni fylgdi. Rýnt verður í hana út frá kenningum félagssálfræðinnar. Rannsóknarefni ritgerðarinnar er blaðumfjöllun um Norðlingaölduveitu frá árunum 2001-2006. Innihaldsgreining var gerð á umfjöllun dagblaða með það fyrir augum að túlka hana með aðferðum sálfræðinnar. Það er þekkt innan félagssálfræðinnar að í þjóðfélagsumræðu er reynt að hafa áhrif á viðhorf fólks og

fortölum er beitt á ólíkan máta. Það er einnig þekkt að fólk fellur í gryfju hugsanaskekkja og beitir leiðsagnarreglum.

Uppbygging ritgerðarinnar er á þá leið að fyrst verður fjallað um Þjórsárver og farið yfir sögu virkjanahugmynda þar. Næst er innihaldsgreining kynnt. Því næst er fjallað um hagsmuni. Þá er fjallað um náttúrusiðfræði í sögulegu samhengi, mannverf sjónarmið og náttúruhverf sjónarmið. Loks eru þau sálfræðilegu fyrirbæri sem leitað var eftir í umfjöllun skýrð áður en niðurstöður rannsóknarinnar eru kynntar.

Þjórsárver

Nálægt miðju Íslands, nánar tiltekið við rætur sunnanverðs Hofsjökuls eru Þjórsárver. Gróðurvinjar Þjórsárvera eru þær stærstu á öræfum Íslands. Þjórsá, lengsta á landsins á upptök sín í Hofsjökli austarlega í verunum, flæmist um þau ásamt þverám sínum. Samheitið Þjórsárver nær yfir öll gróðurlendi á vatnasviði Þjórsár við Hofsjökul, eyrar undan Hofsjökli og melaöldur. Þjórsárver eru í um 600 metra hæð yfir sjávarmáli og um 600 ferkílómetrar að stærð, þar af eru um 100 ferkílómetrar af grónu landi (Guðmundur Páll Ólafsson, 1990).

Gróður og landslag Þjórsárvera er mjög sérstakt. Gróið land er að mestu flatt og langstærstur hluti þess er votlendi, en lítt grónar öldur rísa upp úr flatneskjunni. Á þurrlendi eru víði- og lyngheiðar og blómabreiður í brekkum og bollum. Skriðjökklar Hofsjökuls og nokkur fell við jökuljaðra mynda útlínur veranna í norðri. Um Verin renna jökulkvíslar, og lækir og þar eru margar lindir, vötn, jökulmenjar og auðnir (Guðmundur Páll Ólafsson, 1990). Í Arnarfellsbrekku og Arnarfellsmúlum er blómskrúð svo mikið að annað eins finnst ekki á hálendi Íslands (Þóra Ellen Þórhallsdóttir 1988). Um þriðjungur allra byrkinga og blómplantna á Íslandi vex í Þjórsárverum eða um 167 tegundir. Þar er einnig að finna ótal tegunda fléttna, mosa og sveppa. Auk þess er að finna ýmsar sjaldgæfar jurtir. Á hálendi Íslands er hvergi að finna slíkt gróðurfar í 600 metra hæð (Guðmundur Páll Ólafsson, 2000). Í Þjórsárverum eru einar mikilvægustu varpstöðvar heiðagæsar í heiminum, þar verpa tugþúsundir heiðagæsa og ala þar upp unga sína. Fyrr á öldum tíðkaðist að

smala gæsum í gæsaréttir til slátrunar þegar þær voru í sárum (Guðmundur Páll Ólafsson, 1990). Enn er að finna gæsaréttir á nokkrum stöðum (Guðmundur Páll Ólafsson, 2000). Fleiri fuglategundir halda við í Þjórsárverum til dæmis kjói, rjúpa, kría, sandlóa, hávella, óðinshani og heiðlóa. Smádýralíf er einnig auðugt á svæðinu, ekki er sambærilegt smádýralíf að finna annar staðar á hálendi Íslands svo vitað sé til.

Jökulkvíslar skipta grónu landi í Þjórsárverum í svæði sem nefnast ver. Austan Þjórsár eru stærst Eyvindarkofaver og Þúfuver. Vestan Þjórsár eru Arnarfellsver, Múlaver, Illaver, Oddkelsver, Laufaver, Tjarnaver og loks Hnífárver (Guðmundur Páll Ólafsson, 2000, Þóra Ellen Þórhallsdóttir 1988). Samheitið Þjórsárver er ekki gamalt, en Finnur Guðmundsson fuglafræðingur gaf svæðinu nafnið þegar hann var í að rannasaka heiðargæsir upp úr 1950 (Guðmundur Páll Ólafsson, 1990, Þóra Ellen Þórhallsdóttir 1988). Heimamenn í Gnúpverjahreppi tala um svæðið sem „fyrir innan Sand“ og eiga þá við Fjórðungssand eða einfaldlega „Lönguleit“ (Bragi Sigurjónsson, 1948), en svæðið er enn þann dag í dag smalað af Gnúpverjum og tekur fjallferðin 9 daga og er það ein lengsta fjallferð sem haldið er í á Íslandi (Farið hundrað ferðir í fjallasal, 2016).

Í Þjórsárverum finnst sífreri í jörðu. Þar myndast bungulaga hólar sem kallast freðmýrarústir og eru þær eitt það merkilegasta og sérstæðasta við votlendi veranna. Rústirnar líkjast litlum þurrlendiseyjum út í miðju votlendinu. Í rústunum er ískjarni sem lyftir þeim upp, þess vegna líkist gróðurfar þeirra gróðurfari á þurrlendi (Guðmundur Páll Ólafsson, 2000).

Saga átaka. Sagan af baráttunni um Þjórsárver er bæði löng og flókin. Frá síðari hluta 20. aldar hefur verið barist um hvort skuli nýta vatnasvið Þjórsárvera til orkuframleiðslu. Margar mismunandi hugmyndir um nýtingu til orkuframleiðslu hafa komið fram. Um miðja 20. öld hófust á svæðinu náttúrufræðirannsóknir. Þá voru þegar uppi hugmyndir um að sökkva mest öllum verunum undir gríðarstórt miðlunarlón. Þeir fyrstu sem unnu að þeim voru Sir Peter Scott, Finnur Guðmundsson og Arnþór Garðarsson. Fyrstu rannsóknirnar snéru að fuglalífi veranna en einnig voru unnar ítarlegar rannsóknir á gróðurfari undir forystu Þóru Ellenar Þórhallsdóttur plöntuvistfræðings (Guðmundur Páll Ólafsson, 2007).

Á sama tíma og fræðimenn áttuðu sig á mikilvægi veranna var þung áhersla lögð á að virkja Þjórsá. Þær fyrirætlanir sem voru uppi árið 1970 fólu í sér um 200 ferkílómetra stórt miðlunarlón í allt að 590-600 m.y.s (metrum yfir sjávarmáli) sem hefði sökkt Þjórsárverum að mestu. Til þess að bjarga heiðagæsinni kom fram hugmynd um að græða upp Fjórðungssand og flytja varpstöðvar hennar þangað. Meðlimir Náttúruverndarráðs voru furðu losnir yfir þessum hugmyndum og töldu þær vera „líffræðilega fjarstæðu“. Þessar hugmyndir koma fram stuttu eftir að Búrfellsvirkjun tók til starfa og álverið í Straumsvík var sett í gang. Markaði álverið nýtt upphaf í atvinnusögu Íslands og lögðu stjórnvöld áherslu á að halda áfram á sömu braut (Guðmundur Páll Ólafsson, 2007).

Heimamönnum í Gnúpverjahreppi leist ekki á blikuna þegar þeir heyrðu af hugmyndum um framkvæmdir í Þjórsárverum. Þann 17. mars 1972 var haldinn fjölmennur fundur í félagsheimili þeirra í Árnesi. Landgræðslunefnd Ungmennafélags Gnúpverja stóð fyrir fundinum. Í fundargerð lýsa fundarmenn yfir „eindreginni andstöðu við rafvæðingarátlanir, þar sem gert er ráð fyrir myndun uppistöðulóns í Þjórsárverum“. Þessi fundur í Árnesi var fyrsti almenni fundurinn sem haldin var á Íslandi til stuðnings fuglum og óbyggðum. Hann var því ekki aðeins táknrænn fyrir Þjórsárverabaráttuna heldur sögu náttúruverndar á Íslandi. Andstaða heimamanna breytti umræðunni um verndun Þjórsárvera. Þessi fundur kom á slæmum tíma fyrir Landsvirkjun, en hún hafði nýlega þurft að lúta lægra haldi fyrir bændum og náttúruverndarfólki fyrir norðan vegna Laxárvirkjanar (Guðmundur Páll Ólafsson, 2000; 2007).

Á áttunda áratug stóðu deilur um Blönduvirkjun sem hæst (Guðmundur Páll Ólafsson, 2007) og enduðu þær með því að framkvæmdir við hana hófust árið 1984 (Landsvirkjun, e.d.). Hugmyndir um framkvæmdir í Þjórsárverum voru aldrei langt undan. Arnþór Garðarsson prófessor í dýrafræði vann að rannsóknum á vistfræði heiðagæsa í Þjórsárverum og frumframleiðslu plantna. Skýrsla hans frá árinu 1974 lagði grunn að friðlýsingu þeirra. Þau voru friðlýst árið 1981 og í kjölfar þess undirrituðu Líffræðistofnun Háskólans og Landsvirkjun samkomulag um að Landsvirkjun myndi kosta rannsóknir á Þjórsárverum sem áttu að athuga áhrif Kvíslaveitu á jarðveg og gróður en þá voru framkvæmdir við Kvíslarveitur komnar á dagskrá. Þessar rannsóknir voru unnar af Þóru Ellen

Þórhallsdóttur plöntuvistfræðingi og urðu loks að heilsteyptum þekkingargrunni á vistfræði Veranna. Seinna átti Þóra Ellen eftir að berjast ötullega fyrir verndun Þjórsárvera (Guðmundur Páll Ólafsson, 2007).

Næstu árin vann Landsvirkjun áfram að þróun hugmynda um framkvæmdir á svæðinu, þrátt fyrir friðlýsingu. Bæði voru uppi hugmyndir um lón í Þjórsárverum og stíflur neðan í Þjórsá sem hefðu skemmt fossana þrjá í Þjórsá, Gljúfurleitarfoss, Dynk og Kjálkaversfoss, auk þess var Kvíslaveita áformuð með miðlun í Þórisvatni. Náttúruverndarráði var ekki kunnugt um þessi áform (Guðmundur Páll Ólafsson, 2007).

Árið 1990 voru Þjórsárver sett á lista Ramsar yfir alþjóðlega mikilvæg votlendi. Með gildingu Ramsar-samningsins á Íslandi 1978 skuldbundu Íslendingar sig til þess að taka þátt í alþjóðasamstarfi um verndun votlendis og nýta votlendissvæði skynsamlega (Umhverfisstofnun, 2011). Þrátt fyrir að Þjórsárver væru nú friðland og á lista Ramsar héldu deilur áfram með hléum. Eftir að framkvæmdum við Kvíslaveitu 5 lauk árið 1997 jókst þrýstingur frá Landsvirkjun um að komast í Þjórsárverin. Á sama tíma mótaðist stóriðjustefna stjórnvalda, orka úr Blönduvirkjun var afhent Norðuráli, Norsk Hydro vildi reisa álver á Austfjörðum, mikil átök hófust um Eyjabakka. Þegar fallið var frá áformum um framkvæmdir á Eyjabökkum voru áform um Kárahnjúkavirkjun tilkynnt (Guðmundur Páll Ólafsson, 2007).

Baráttan um Þjórsárver harðnaði og náði hámarki á árunum 2001-2003. Landsvirkjun vildi Norðlingaölduveitu til þess að útvega Norðuráli orku fyrir álver á Grundartanga. Frjáls félagasamtök spiluðu stórt hlutverk í baráttunni gegn Norðlingaölduveitu. Náttúruverndarsamtök Íslands, Fuglaverndarfélag Íslands og þegar leið á baráttuna varð Landvernd einnig mjög virk. Heimamenn stofnuðu Áhugahóp um verndun Þjórsárvera og flestir Gnúpverjar voru á móti framkvæmdum. Haldin var fundur í Árnesi 24. maí 2001, ályktun þess fundar ítrekaði fyrri mótmæli frá fundinum 1972 og lýsti yfir „eindreginni andstöðu við Norðlingaölduveitu og aðrar fyrirhugaðar framkvæmdir í Þjórsárverum og efri hluta Þjórsár“ (Guðmundur Páll Ólafsson, 2007).

Í apríl 2002 kynnti Landsvirkjun matsáætlun um Norðlingaölduveitu. Gert var ráð fyrir stíflu í Þjórsá til þess að mynda lón með vatnsyfirborð í 575 m.y.s. Samkvæmt skýrslunni mun lón í þeirri hæð ekki hafa umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfi og að verndun og nýting Þjórsárvera geti farið saman (Landsvirkjun, 2002). Á sama tíma bað Landsvirkjun einnig um rannsóknir og hagkvæmisathuganir á umhverfisáhrifum lóna í 578 m.y.s. og 581 m.y.s. til þess að bera saman við áður nefnda lónhæð í 575 m.y.s. Matskýrslan hlaut harða gagnrýni vísindamanna og andstæðinga Norðlingaölduveitu, þá sérstaklega fullyrðingar Landsvirkjunar um að friðland Þjórsárvera myndi halda einkennum sínum þrátt fyrir lón í 575 m.y.s. Skipulagsstofnun fékk fjölda athugasemda og í nær öllum þeirra var þess krafist að stofnunin myndi hafna framkvæmdum vegna umhverfisáhrifa (Guðmundur Páll Ólafsson, 2007). Úrskurður Skipulagsstofnunar kom í ágúst 2002 og féllst hún á tvo virkjunarkosti, lón í 575 m.y.s og í 578 m.y.s. með sex skilyrðum (Skipulagsstofnun, 2002). Úrskurðurinn var kærður, alls bárust 11 kærur vegna hans. Meðal annars frá Skeiða -og Gnúpverjahreppi, Áhugahópi um verndun Þjórsárvera, öllum helstu náttúruverndarsamtökum landsins og einstaklingum. Siv Friðleifsdóttir þáverandi umhverfisráðherra taldi sig vanhæfa vegna fyrri ummæla sinna um Þjórsárver og því var Jón Kristjánsson þáverandi heilbrigðisráðherra settur umhverfisráðherra og kom það í hans hlut að úrskurða um málið. Á meðan úrskurðar ráðherra var beðið var haldinn almennur fundur í Austurbæjarbíói. Húsið fylltist fljótt og þurfti fólk frá að hverfa (Guðmundur Páll Ólafsson, 2007). Fundargestir samþykktu ályktun þar sem þeir lýstu yfir „eindreginni andstöðu við fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir með gerð uppistöðulóns í Þjórsárverum og mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum sem beitt hefur verið til að fá samþykki fyrir þeim“ (Árni Finnsson, 2002).

Jón Kristjánsson tilkynnti úrskurð sinn 30. janúar 2003. Hann felldi út úrskurð Skipulagsstofnunnar um lón í 578 m.y.s. Hann setti þrjú skilyrði fyrir lóni í 575 m.y.s., 1) að framkvæmdin rýri ekki hátt gildi friðlandsins, 2) bann við því að reisa varnargarða eða önnur mannvirki inni í friðlandinu og 3) setlón með veitu verði byggt án þess að það skaði friðlandið. Settur umhverfisráðherra setti það megin skilyrði að miðlunarlón væri utan friðlands og hefði engin

langtímaáhrif inn í það. Einnig kynnti hann til leiks nýja útfærslu; lón í 566 m.y.s. Það var 9 metrum lægra en lón Landsvirkjunar og við þessa lækkingu minnkaði flatarmál lónsins úr rúmlega 30 ferkílómetrum í 3 ferkílómetra. Þessari útfærslu fylgdi stækkun á setlóni austan við Arnarfell hið mikla til þess að taka á móti aurburði, var þetta kallað mótvægisaðgerð. Samkvæmt úrskurðinu átti að stækka umtalað setlón úr 2,7 ferkílómetrum í 3,7 ferkílómetra (Heilbrigðis- og Tryggingamálaráðuneytið, 2003). Lón stærri en 3 ferkílómetrar brýtur lög um mat á umhverfisáhrifum, en samkvæmt þeim þurfa allar framkvæmdir þar sem 3 ferkílómetrar lands eða meira fer undir vatn að sæta umhverfismati (nr. 106/2000). Sumir töldu þetta vera sjötta áfanga Kvíslarveitu í dulargervi mótvægisaðgerða. Landsvirkjun túlkaði úrskurðinn svo að lón væri heimilað svo lengi sem það færi ekki inn í friðlandið. Hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps hafnaði útfærslu Landsvirkjunar um lón í 568 metra hæð á fundi í ágúst 2003 á þeim forsendum að sú framkvæmd væri allt önnur en sú sem var kynnt í úrskurði Jóns Kristjánssonar. Landsvirkjun tilkynnti í byrjun september 2003 ákvörðun um að fresta Norðlingaölduveitu í bili (Tímarammi of þröngur og rekstraröryggi ekki tryggt, 2003). Heimamenn stóðu í vegi fyrir veitunni og framkvæmdir við Kárahnjúka voru hafnar. Þrýstingi á heimamenn linnti þó ekki og á endanum gaf hreppsnefndin sig sumarið 2004. Norðlingaöldulón í 566 m.y.s yfir sumartímann og 567,8 m.y.s að vetrarlagi var samþykkt og sett á skipulag sveitarfélagsins (Samkomulag við heimamenn um Norðlingaölduveitu, 2004). Siv Friðleifsdóttir þáverandi umhverfisráðherra setti á laggirnar Samvinnunefnd Miðhálandisins árið 2000. Henni var ætlað að hafa umsjón með svæðisskipulagi miðhálandisins. Í janúar 2005 ákvað nefndin að kynna og auglýsa tillögu að skipulagi sem var byggð á samkomulagi Landsvirkjunar og Skeiða- og Gnúpverjahrepps um Norðlingaölduveitu. Meðal þess sem tillögurnar fólu í sér var að náttúruverndarsvæðum yrði breytt í orkuvinnslu- og iðnaðarsvæði (Guðmundur Páll Ólafsson, 2007).

Í mars 2005 kærði Áhugahópur um verndun Þjórsárvera úrskurð Jóns Kristjánssonar til dómsstóla. Seinna sama vor samþykkt hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps að fresta afgreiðslu aðalskipulags þar til niðurstöður Samvinnunefndar miðhálandisins um breytingu á

svæðisskipulagi þess kæmu. Meirihluti hreppsnefndar lagði einnig til bókun þar sem Norðlingaölduveitu var hafnað. Fyrri samningur sveitarfélagsins og Landsvirkjunar var þar með úr sögunni. Hreppsnefndin skoraði einnig á Samvinnunefnd miðhálandisins að setja Norðlingaölduveitu ekki inn á skipulag miðhálandisins. Tillaga Óskars Bergssonar formanns Samvinnunefndarinnar um að falla frá heimild til gerðar veitu og setlóns en samþykking Norðlingaöldulón eins og það var skilgreint í úrskurði Jóns Kristjánssonar var samþykkt af Samvinnunefnd Miðhálandisins í ágúst 2005. Sigríður Anna Þórðardóttir var á þessum tíma nýtekin við embætti umhverfisráðherra og hún hafnaði því að staðfesta þann hluta er laut að Norðlingaölduveitu í tillögum Samvinnunefndar miðhálandisins og því var gamla skipulagið enn í gildi (Guðmundur Páll Ólafsson, 2007). Í janúar 2006 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur að snúast gegn áformum um Norðlingaölduveitu. Reykjavíkurborg átti 45% hlut í Landsvirkjun og því var erfitt fyrir Landsvirkjun að halda áfram að reyna að ná Norðlingaölduveitu í gegn (Borgarstjórn leggst gegn virkjun í Þjórsárverum, 2006). Áfram blés byrlega fyrir andstæðinga Norðlingaölduveitu því í júní 2006 ógilti Héraðsdómur Reykjavíkur þann hluta úrskurðar Jóns Kristjánssonar sem snéri að því að gerð setlóns þyrfti ekki að sæta umhverfismati. Landsvirkjun áfríaði þessum dómi ekki (Guðmundur Páll Ólafsson, 2007). Þar með fóru hugmyndir um Norðlingaölduveitu í hlé og lítið var fjallað um málið næstu ár.

Hagsmunir

Í þessari rannsókn verður reynt að varpa ljósi á það hvernig ólíkir hagsmunir deilandi aðila birtust í fjölmiðlaumfjöllun um Norðlingaölduveitu. Ólíkir hagsmunir aðila í deilunni um Þjórsárver hafa að líkindum haft áhrif á hvaða fortöluaðferðum þeir beittu og hvaða hugsanaskekkjur, hugmyndafræði og viðhorf þeir láta í ljós í aðsendum greinum og viðtölum. Til þess að ákvarða til hvaða þátta innihaldsgreining þessarar rannsóknar tæki var lítið til þess hvernig áhrif hagsmuna geta birst.

Samkvæmt kenningu William Crano (1983) um áhrif hagsmuna á hegðun (*vested interest theory*) er hegðun og viðhorfum fólks að hluta stjórnað af því að hve miklu leyti hlutur eða atburður

hefur afleiðingar fyrir ánægju einstaklings (*hedonic importance*). Það að fólk hafi hagsmuna að gæta hefur áhrif á stöðugleika milli viðhorfa fólks og hegðunar þeirra (Crano og Prislin, 1995). Þegar mikið er í húfi fyrir fólk, þá mun það haga sér í takt við hagsmuni sína, því hafa hagsmunir áhrif á hegðun (Crano, 1983). Með því að beita fortölum reynir fólk að koma eigin hagsmunum á framfæri. Það er þekkt í umfjöllun um umhverfis- og loftslagsmál, eins og hefur til að mynda verið gert í Bretlandi til þess að sannfæra fólk um mikilvægi endurnýtanlegra orkugjafa vegna loftslagsbreytinga (Haggett, 2014). Það liggur í hlutarins eðli að það séu hagsmunir hvers manns að ná markmiðum sínum, þeir sem eiga sér markmið eiga það þess vegna til að falla í gryfju markmiðadrifinnar hugsannar og túlka upplýsingar út frá markmiðum sínum (Tasic, 2011). Rannsókn Giner-Sorolla og Chaiken (1997) sýndi fram á tengsl markmiðaháðrar hugsunar og hagsmuna. Hagsmunir eru einn helsti drifkraftur þess að fyrirtæki beita grænþvotti, til dæmis í tengslum við vatnsaflsvirkjanir (Imhof og Lanza, 2014) og loftslagsbreytingar (Beder, 2014).

Í deilunni um Norðlingaölduveitu takast á hagsmunir og sjónarmið tveggja mjög ólíkra hópa. Af stuttri yfirferð yfir sögu framvæmda kemur glöggt í ljós að þeir sem helst börðust fyrir framkvæmdum eru forsvarsmenn framkvæmdaraðila, Landsvirkjunar. Þeir sem tala fyrir hönd Landsvirkjunar eru starfsmenn fyrirtækisins sem eru á launum við það að undirbúa framkvæmdir. Þeir hafa því beinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta af gerð miðlunarlóns í Þjórsárverum. Einnig voru dæmi um stjórnámamenn sem voru yfirlýstir stuðningsmenn framkvæmda. Á því tímabili sem fjallað er um í þessari rannsókn var tími hinnar svokölluðu stóriðjustefnu stjórnvalda. Þeir stjórnámamenn sem studdu framkvæmdir í Þjórsárverum fylgdu þeirri stefnu og töldu hagsmunum þjóðarinnar best gætt með aukinni stóriðju og virkjanaframkvæmdum. Þeir sem helst töldu gegn framkvæmdum voru heimamenn, vísindamenn og forsvarsmenn ýmissa náttúruverndarsamtaka. Hagsmunir þeirra hafa sennilega verið margvíslegir. Vísindamenn töldu svæðið mögulega of verðmætt og sérstakt til þess að því mætti raska. Ekki má telja ólíklegt að Þjórsárver hafi tilfinningalegt gildi fyrir heimamenn og þar með ánægju þeirra. Að auki þekkja svæðið vel eins og vísindamennirnir og hafa talið það of verðmætt til þess að raska því og talið verndun þjóna eigin

hagsmunum. Forsvarsmenn náttúruverndarsamtaka hafa það hlutverk að gæta náttúrunnar og þeirra hagsmunir eru fólgnir í því að berjast gegn framkvæmdum og koma þar með í veg fyrir röskun náttúru.

Innihaldsgreining

Innihaldsgreining (*content analysis*) er rannsóknaraðferð sem byggist á því að umfjöllun er kerfisbundið skráð og flokkuð. Krippendorff (2004) sagði innihaldsgreiningu vera greining á augljósu og duldu innihaldi samskipta. Samkvæmt Berelson (1952) gengur innihaldsgreining út á skipulagða, hlutlæga og magnbundna greiningu á boðskiptum. Aðferðafræði innihaldsgreiningar styðst gjarnan við þessa skilgreiningu Berelson. Skilgreiningar á hugtakinu boðskipti geta þó verið mismunandi, í meginatriðum snúast þau þó um ferli miðlunar á milli manna, að taka á móti og senda skilaboð (McQuail, 2005). Samkvæmt Berelson á innihaldsgreining einungis að snúast um það *hvað er sagt* en ekki um *hvernig fólk bregst við því* eða *af hverju það er sagt*. Tölur um fjölda birtinga segja lítið um eiginlega umfjöllun á efni (Neuendorf, 2002; Stempel, 2003). Þó felst ákveðið upplýsingagildi í samanburði á fjölda birtinga (Stempel, 2003). Sú innihaldsgreining sem Berelson lýsir er oft kölluð meginleg innihaldsgreining og jafnvel talað um hana sem hefðbundna innihaldsgreiningu. Þó eru enn ýmsar takmarkanir taldar fylgja aðferðinni (Neuendorf, 2002, Stempel, 2003). Ekki ríkir sátt meðal vísindamanna um það hvernig eigi að aðgerðabinda þau augljósu boðskipti sem Berelson talar um. Auk þess eru vísindamenn ekki sammála um það hvort rannsakandi eigi aðeins að halda sig við hið augljósa. Því ríkir ekki sátt um það hvaða boð eigi að meta og magnbinda. Harold Lasswell setti fram samskiptakenningu þar sem hann sagði að fjölmiðlarannsóknir ættu að snúast um að finna út hver segði hvað við hvern og hvaða áhrif það hefði (Stempel, 2003). Hefðbundin innihaldsgreining eins og Berelson lýsir henni, svarar vel fyrstu spurningunni, *hver segir hvað* en ekki seinni tveimur við *hvern og hvaða áhrif*. Til að reyna að ná inn áhrifum umfjöllunar á neytendur hennar hafa nokkrar undirgreinar innihaldsgreiningar verið þróaðar frá því aðferðin kom fyrst fram á sjónarsviðið (Neuendorf, 2002). Orðræðugreining

(*discourse analysis*) gengur út á að leitað er eftir ákveðnum orðum eða hugtökum. Aðferðin er notuð til að skoða tengsl tungumáls, tjáningar og félagslegs veruleika (Kristín Björnsdóttir, 2013). Mælskugreining (*rhetorical analysis*) sem gengur út á að meta hvernig skilaboð eru sett fram, umfram það sem sagt er. Að lokum er táknfræðileg greining (*semiotic analysis*) sem gengur út á að heildarframsetning umfjöllunar er skoðuð, þar með taldar myndir og tákn (Neuendorf, 2002). Í einfölduðu máli má segja að slíkar innihaldsgreiningar taki, auk augljósra skilaboða eins og Berelson lagði áherslu á, líka til þess sem höfundar umfjöllunar láta liggja á milli línanna. Það sem þeir ætluðu eða vildu segja umfram það sem augljóst er (Neuendorf, 2002; Stempel, 2003).

Fræðimenn hafa lengi deilt um það hvort innihaldsgreining henti bæði megindlegri og eigindlegri rannsóknarhefð. Aðferðin er skilgreind sem megindleg þó að hún innihaldi bæði eigindlega og megindlega þætti (Stokes, 2013). Sú vinna sem felst í því að telja og flokka gögn telst vera megindleg en þegar gögnin eru greind frekar telst sú vinna vera eigindleg aðferðarfræði (Stemler, 2001). Helsti kostur þess að beita innihaldsgreiningu er að rannsakandi getur farið á skilvirkan og kerfisbundinn hátt í gegnum mikið magn af gögnum. Þegar umfangsmikil gangasöfn eru til skoðunar hentar innihaldsgreining vel. Það á sérstaklega við þegar það efni sem er til rannsóknar spannar yfir langt tímabil (Neuendorf, 2002). Auk þess er hún ódýr í framkvæmd, yfirleitt er auðvelt aðgengi að gögnum og aðferðin gefur af sér niðurstöður sem má magnbinda. Bæði er hægt að nýta aðferðina til að rannsaka atburði líðandi stundar og liðna atburði, því er hún sveigjanleg (Berger, 1998). Helsti galli innihaldsgreiningar er að henni er ætlað að vera hlutlæg, en sú hlutlægni er engan veginn tryggð. Rannsakandi þarf að taka ýmsar ákvarðanir í gegnum ferlið, þar má nefna stærð úrtaks og hvernig það er flokkað. Þær ákvarðanir sem teknar eru í ferlinu eiga að vera rökstuddar af fræðilegum bakgrunni rannsóknarinnar. Samt er ekki hægt að halda fram að niðurstöður séu algildar og óvéfengjanlegar. Sú tölfræði sem niðurstöður gefa af sér er til komin vegna ákvarðanna sem rannsakandi tók og þess vegna er nauðsynlegt að það sé rökstutt hvernig ákvarðanir í ferlinu voru teknar (Deacon, Pickering, Golding og Murdock 2007; Hansen, Cottle, Negrine og Newbold, 1998).

Til að tryggja hlutlægni aðferðarinnar þurfa vinnubrögð að vera vönduð rétt eins og við allar aðrar rannsóknir. Vinna þarf innihaldsgreiningu kerfisbundið (Prior, 2009). Rannsóknaraðferð þarf að vera stöðluð og skýr svo sama niðurstaða fái sé rannsókn endurtekin með sömu gögn. Þegar innihaldsgreining er gerð skal vinna út frá fyrirfram ákveðnum þáttum. Þessir þættir skulu skilgreindir á fræðilegan hátt og kenningar um viðkomandi efni hafðar til hliðsjónar. Rannsóknartilgáta eða rannsóknarspurning skulu einnig vera skýrar (Neuendorf, 2002).

Ekki hefur sambærileg innihaldsgreining á fjölmiðlaumfjöllum um umhverfistengd mál út frá félagssálfræði verið gerð. Þó hafa innihaldsgreiningar verið gerðar á umfjöllun íslenskra fjölmiðla. Til dæmis á umfjöllun um Evrópusambandið (Guðrún Ásta Guðmundsdóttir, 2012) og Norðurslóðir (Þórný Barðadóttir, 2016). Ásta Sólhildur Þorsteinsdóttir (2018) skrifaði meistararitgerð þar sem hún beitti innihaldsgreiningu til þess að greina loftslagorðræðu í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu út frá kenningum um loftslagssinnuleysi.

Meistaraverkefni Sigmars Arnarsonar (2008) var innihaldsgreining á fjölmiðlaumfjöllun um Kárahnjúkavirkjun. Sú innihaldsgreining snéri að því að greina tegund og fjölda umfjallana á ákveðnu tímabili. Sú rannsókn leiddi í ljós að viðhorf breyttust á því tímabili sem rannsóknin tók til (2003-2007), fyrstu árin var umfjöllun nokkuð neikvæð og varð neikvæðari þangað til árið 2007 eftir að virkjunin var gangsett að meirihluti umfjallana um Kárahnjúkavirkjun var jákvæð í garð framkvæmda. Sigmar telur þetta stafa af því að eftir að virkjun var gangsett hætti fólk að berjast gegn henni, enda töpuð barátta.

Náttúrusiðfræði

Náttúrusiðfræði leitar svara við spurningunni af hverju gildismat fólks er á þá leið sem það er. Afhverju sumir vilja vernda náttúruna en aðrir ekki. Tvenns konar viðhorf hafa einkennt hugmyndir um samband náttúru og manna; náttúruhverf sjónarmið og mannhverf sjónarmið. Eins og hugtökin gefa til kynna snúa þau að því hvaða hagsmuni skal hafa að leiðarljósi. Samkvæmt náttúruhverfum sjónarmiðum er náttúran uppspretta verðmæta, burtséð frá mannlegum gildum og

hagsmunum. Hún er verðmæt fyrir það eitt að vera til. Mannhverf sjónarmið hins vegar byggja á mannlegum forsendum og því eru þarfir og hagsmunir mannsins í fyrirrúmi; náttúran er til þess að maðurinn geti nýtt sér hana, hún er fyrst og fremst auðlind sem maðurinn skal nýta fyrir eigin neyslu (Óli Halldórsson, 2002). Jörðin var því sköpuð til þess að vera stjórnað og nýtt af mannkyninu (Dobson, 2000). Ein af grundvallarspurningum náttúrusiðfræði er hvort við eigum að vernda náttúruna hennar vegna eða okkar vegna. Hafa lífverur og vistkerfi verndargildi fyrir það eitt að vera til? Eiga hagsmunir manna að vera ofar hagsmunum annarra lífvera?

Frá mannhverfu til náttúruhverfu. Mannhverf sjónarmið voru ríkjandi í vestrænum heimi á fyrri hluta 20. aldar. Nýting náttúrunnar byggði á því sjónarmiði að það væri réttur manna að nota náttúruna sér til hagsbóta. Sú trú var ríkjandi að ef maðurinn gæfi náttúrunni ekki gildi, þá hefði hún ekkert gildi. Virði alls var því mælt út frá þörfum og nýtingu manna. Mannskepnan var æðri öllu öðru og átti rétt á því að nota náttúruna á þann hátt sem henni sýndist. Þetta leiddi af sér að menn gerðu það sem þeir vildu án þess að skeita um það hvaða afleiðingar það hefði á aðrar dýrategundir, náttúruna og framtíðarmöguleika jarðarbúa. Því fela sterk mannhverf sjónarmið ekki í sér náttúruvernd, heldur þvert á móti og hafa þau verið talin rót þess mikla vanda sem ógnar heiminum í dag (Merchant, 1980; Dobson, 2000).

Í sögulegu samhengi má rekja hugmyndir um mannhverf viðhorf langt aftur í tímann. Ríkjandi hugmyndir innan heimspekinnar byggðu lengi á tvíhyggju, sem aðskildi manninn frá náttúrunni. Fyrst um sinn snéru þessar hugmyndir að mestu leyti um sambúð manna og dýra. Réne Descartes (1596-1650) var einn áhrifamesti heimspekingur mannkynssögunnar. Hann hélt því fram að dýr væru vélar, bæði meðvitundar- og skynlausar. Hann taldi dýr hreyfast líkt og klukkur en þau finndu ekki fyrir sársauka. Þau byggju ekki yfir hugsun og því væri ekki hægt að valda þeim kvölum. Samkvæmt túlkun Descartes voru dýr laus við meðvitund og því ekki skynverur. Mannskepnan hins vegar bjó yfir bæði sál og huga. Að mati Descartes var hæfileikinn til að hugsa það aðgreindi mennina frá öðrum lífverum. Fræg er setning hans „ég hugsa, þess vegna er ég“. Í þessari hugmyndafræði kristallast sú trú að þær lífverur sem búa yfir hugsun, þær eigi sér ríkari

tilverurétt en aðrar. Í huga Descartes var enginn efi um það að maðurinn væri yfir náttúrunni og ætti hana. Þessi tvíhyggja, sem aðskilur mannkyn frá náttúru, réttlætti kvikskurð (að kryfja lifandi dýr) og öll verk mannsins gegn náttúrunni. Descartes áleit að hlutgerving náttúrunar væri mikilvæg fyrir framfarir á sviðum siðmenningar og vísinda. Þetta viðhorf má víða finna enn þann dag í dag (Nash, 1989). Hugmyndir Descartes um meðferð á dýrum, náðu ekki almennri útbreiðslu. Á Vesturlöndum var viðhorf flestra til dýra á þá leið að þau myndu til sársauka og því væri slæm meðferð á þeim ekki réttlætanleg. Árið 1641 voru sett lög í Massachusetts Bay í Bandaríkjunum sem kváðu um mannlegar skyldur í garð ómennskra vera. Um er að ræða fyrstu skjalfestu lögini sem snúa að rétti ómennskra lífvera og meðferð manna á þeim. Samkvæmt lögnum var bannað að beita húsdýr harðstjórn eða grimmd. Lögini voru þó ekki endilega sett með hag þessara ómennsku lífvera að leiðarljósi heldur frekar eigenda þeirra, mennina. Heimspekingurinn John Locke fjallaði um þetta í bók sinni *Some Thoughts Concerning Education* (1693), ólíkt Descartes hélt hann því fram að dýr gætu upplifað þjáningu og það væri siðferðislega rangt að valda þeim óþarfa þjáningu. Sú skoðun spratt ekki vegna réttinda dýranna, heldur þeim áhrifum sem ofbeldi gegn dýrum hefur á manninn, því var enn um nokkuð mannhverfa hugsun að ræða. Locke hélt því fram að ef maður kemur illa fram við dýr, eru meiri líkur á að hann komi illa fram við aðra menn. Aftur er maðurinn hafður í forgangi. Þó breyttust þessi viðhorf smám saman á næstu öldum, dýrunum í hag (Nash, 1989). Þótt mannhverf viðhorf væru ríkjandi fól það ekki alltaf í sér hreina vanvirðingu fyrir ómenskum íbúum jarðar. Kristileg viðhorf voru ráðandi á Vesturlöndum, samkvæmt þeim voru dýr sköpunarverk Guðs. Þar sem mennirnir væru valdamesta birtingarmynd lífsins sem Guð skapaði, báru þeir ábyrgð á því að koma vel fram við annað líf á jörðinni. Mannúðarsinnar tileinkuðu sér þetta viðhorf en efuðust þó ekki um að náttúran væri til fyrir mannkynið. Þrátt fyrir yfirráð mannkyns yfir náttúrunni allri, ætti maðurinn samt sem áður að fara varlega með sköpunarverkið og sýna náttúrunni eins mikla nærgætni og virðingu og hægt væri.

Hið mannhverfa viðhorf var lífseigt og er það enn þann dag í dag. Með tímanum hefur vísindaleg þekking mannsins á því hvernig vistkerfi í náttúrunni virka aukist verulega. Sú vitneskja

gjörbylti mannhverfum viðhorfum auk þess að ýta við þeirri rótgrónu hugmynd að mennirnir réðu yfir náttúrunni sem væri sköpuð fyrir þá. Hugmyndir sem byggðu á mannhverfu viðhorfi og tvíhyggju voru ráðandi, en smám saman fór að bera á hugmyndum á þá leið að jörðin væri ekki eingöngu ætluð til einkanota mannsins. Hugmynd um heildarhyggju (*organicism*) spratt fram, hún gekk út á að til væri órætt afl sem gegnsýrði alla hluti og verur, því væri veröldin ein stór lífræn heild, þar sem allt tengist saman á einn eða annan hátt. Þessar hugmyndir voru iðulega settar í trúarlegt samhengi af fyrirrennendum vistfræði (*pre-ecological thinkers*) á þá leið að rétt eins og Guði þætti vænt um mannkynið, þá þætti honum einnig vænt um aðrar lífverur. Gottfried Leibnitz (1646-1716) var þýskur heimspekingur sem taldi að allt í heiminum væri tengt saman og hann hafnaði tvíhyggju Descartes. Sá sem kom næst því að segja til um vistfræðilega meðvitund mannsins var Baruch Spinoza (1632-1677), hann aðhylltist heildarhyggju og voru hugmyndir hans í algjerri andstæðu við hugmyndir samtímamanna hans á borð við Descartes. Spinoza setti fram þá algyðistrúarlegu hugmynd að allir hlutir og allar verur, hvort sem það væri kind, berjalyng, maður, sandur eða tunglið væru tímabundnar birtingarmyndir af sameiginlegum grunni sem væri skapaður af Guði. Hann áleit að þegar manneskja deyr, færi efnið úr líkama viðkomandi og yrði að öðru, jarðvegi fyrir plöntu til dæmis, sem seinna myndi næra kind, sem seinna yrði borðuð af manneskju. Með þessa sýn að leiðarljósi, gat Spinoza sett siðfræðilegt gildi á kerfið sem heild, en ekki á einstakling. Í þessari heimspeki var engin goggunarröð og engin valdstigi. Enginn og ekkert var æðra öðru. Fluga og steinn höfðu sama tilvistargildi og tilverurétt og manneskja. Á þeim tíma sem Leibnitz og Spinoza voru uppi voru framfarir í vísindum hraðar og mannhverf viðhorf áttu undir högg að sækja vegna nýrra uppgvötanna. Með tilkomu sjónauka komu fram vísbendingar um að jörðin væri eftir allt saman sennilega ekki miðja alheimsins og mögulega væri líf á öðrum hnöttum. Eftir því sem þekking á náttúrunni jókst var erfiðara að halda í þá trú að jörðin væri eingöngu fyrir mannkyn. Mannkynið drottnaði ekki lengur yfir náttúrunni, heldur var meðlimur þess samfélags sem í henni bjó.

Þróunarkenning Charles Darwin (1809-1882) byggðist á þeirri meginhugmynd að þróun tegunda mætti rekja til órofinnar keðju sem næði allt til hinna fyrstu forma lífs. Lífið var samfella. Útskýringar hans á fjölgun lífvera gróf undan tvíhyggju og kenningum sem höfðu verið ríkjandi í mörg hundruð ár. Það má segja að fræði Darwin hafi gert mannkyninu ljóst hvar þeirra staða í náttúrunni væri og gjörbreytt viðhorfi mannsins til náttúrunnar. Enginn grundvallarmunur væri á andlegri hugarstarfsemi mannsins og æðri spendýra. Sumir túlkuðu þróunarkenningu Darwin og þá sérstaklega hugmyndina um að þeir hæfustu myndu lifa af sem rökstuðning fyrir mannhverfum viðhorfum. Að þar sem maðurinn gæti drottnað yfir náttúru þá ætti hann að gera það. Svokallaður félagslegur Darwinismi (*social darwinism*) ýtti undir stéttaskiptingu, að þeir ríku og áhrifamiklu ættu að drottna yfir öðrum. Darwin sjálfur var ekki sammála þeirri túlkun. Hann talaði um hæfileika manna og dýra til samúðar. Það að bera virðingu fyrir hvort öðru sýndi fram á mannkynið væri siðmenntað. Hann taldi að hæfileikinn til þess að sýna samúð væri afleiðing þróunar. Darwin sýndi fram á að félagshæfni tegunda, eins og samvinna eða samhjálp hefði áhrif á lífslíkur hennar og fyrir tilstilli náttúruvals lifðu þær tegundir af sem hefðu þennan hæfileika. Darwin sagði að í mannlegum samfélögum hefðu siðgæði mannsins þróast út frá félagslegum hvötum (*social instincts*). Samkvæmt kenningum Darwin hefðu mennirnir aukið siðferðiskennd sína í aldanna rás. Í byrjun hefði hún aðeins tengst sjálfinu, svo ættbálka og loks stærri samfélaga, þjóða og kynþátta. Í kjölfar þess dreifðist siðferðiskennd mannsins svo til þeirra sem minna máttu sín, fatlaðra og þeirra sem ekki gætu lagt sitt fram til samfélags manna. Darwin sagði að með tímanum gæti maðurinn jafnvel öðlast virðingu fyrir öllum lifandi verum. Í augum Darwin voru þeir sem lömdu þræla sína og fóru illa með dýr og plöntur siðferðislega þroskaheftir. Skrif Darwin urðu mikilvæg uppspretta náttúrusiðfræði og hafði gífurleg áhrif á vestræna siðfræði þar sem hugmyndir Darwin breiddust hratt út. Edward Payson Evans var fyrstur Bandaríkjamanna til að koma fram með kenningar sem seinna voru nefndar náttúrusiðfræði. Í bók sinni *Ethical Relations between Man and Beast* boðaði Evans þá siðferðiskennd að ómennsk lífform hefðu meðfædd réttindi sem menn mættu ekki brjóta

gegn. Siðferðiskennd Evans náði til allra lífvera og einnig þess lífvana sem finnst í náttúrunni eins og steina og steinefna.

Annar áhrifamaður í þróun náttúrusiðfræði var Henry Salt (1851-1939). Hans skoðun var sú að ef mennirnir hefðu rétt á því að lifa, þá ættu dýr rétt á því sama. Í hans huga voru mennirnir og dýrin fórnarlömb hagkerfisins og kapítalismans. Samfélag þar sem viðskiptahagnaður væri í forgangi á kostnað velferðar manna og dýra væri ójafnt og ranglátt. Þrátt fyrir að hugtakið náttúrusiðfræði kæmi aldrei fram í skrifum og kenningum ofangreindra manna, þá markaði hugmyndafræði þeirra upphaf náttúrusiðfræði.

Félagsleg drottunargirni. Hugtakið félagsleg drottunargildi (*social dominance orientation*) er náskylt mannhverfum sjónarmiðum. Það vísar til einstaklingsmunar á þrá til þess að sá hópur sem einstaklingur tilheyrir sé æðri eða hafi vald yfir öðrum hópum. Því snýr hugtakið að því hvort einstaklingur samþykkir stigveldi í hóp og ójöfnuð (Sidanius og Pratto, 1999; Pratto, Sidanius, Stallworth og Malle, 1994).

Rannsókn Pratto og féлага (1994) sýndi fram á að karlar mælast hærri á SDO en konur, að þeir sem mælast hátt á SDO sækjast frekar eftir starfsframa þar sem stigveldi skiptir máli og hallast frekar að hugmyndafræði sem styður við stéttaskiptingu á grundvelli stigveldis eins og kynþáttafordóma. Félagsleg drottunargirni hefur verið tengt við viðhorf til umhverfismála og niðurstöður rannsókna benda til þess að félagslega drottunargirni megi yfirfæra á stigveldi í náttúrunni þar sem mannskepnan er talin drottna yfir bæði dýrum og náttúru. Rannsókn Pratto og féлага (1994) sýndi fram á að þeir einstaklingar sem skoruðu hærra á félagslegri drottunargirni væru síður stuðningsmenn umhverfisstefnu í stjórnámálum, einnig eftir að leiðrétt var fyrir íhaldssemi í hagstjórn og stjórnámálaskoðunum. Rannsóknir hafa einnig sýnt að þeir sem taka viðskiptaleg sjónarmið fram yfir umhverfisvernd skora hærra á félagslegri drottunargirni, sem og þeir sem það viðhorf að nýta skuli náttúruauðlindir. Einnig eru þeir sem skora hátt á félagslegri drottunargirni frekar á móti náttúruvernd og afneita hnattrænni hlýnun af mannavöldum (Feygina, o.fl., 2010).

Út frá skilgreiningu á mannverfum og náttúruverfum sjónarmiðum er rannsóknartilgáta eitt sett fram. Hún er í tveimur liðum, a) *Mannhverf sjónarmið voru ríkjandi í máli þeirra sem studdu framkvæmdir* b) *Náttúruhverf sjónarmið voru ríkjandi í máli þeirra sem voru á móti framkvæmdum.*

Viðhorf

Viðhorf má skilgreina sem jákvætt eða neikvætt mat fólks í garð sjálf síns, annars fólks, hluta og málefna (Petty og Cacioppo, 1986). Viðhorf geta verið bæði veik og sterk. Því hafa viðhorf bæði stefnu og styrk. Styrkleiki viðhorfa útskýrir það hversu mikið viðhorf hafa áhrif á hugsun og hegðun í mismunandi aðstæðum. Sterk viðhorf eru þau viðhorf sem skipta mestu máli fyrir hugsun og hegðun einstaklings. Sterk viðhorf eru jafnframt þau viðhorf sem erfiðast er að breyta (Howe og Krosnick, 2017). Viðhorf ein og sér stjórna sjaldnast hegðun (Ajzen og Fishbein, 1980), en sumt fólk hegðar sér meira í takt við þau viðhorf sem það hefur (Ajzen, Timko og White, 1982) og aðstæður geta haft áhrif á hvort fólk hegði sér í takt við eigin viðhorf (Pryor, Gibbons, Wicklund, Fazio og Hood, 1977).

Skipta má rannsóknum á viðhorfum í tvennt. Í fyrsta lagi þær sem snúa að breytingum á þeim, félagslegum áhrifum og fortölum (Ajzen, 2001). Í öðru lagi rannsóknir sem skoða hugtök, virkjun, uppbyggingu, mótun og það hlutverk sem viðhorf gegna (Ajzen, 2001). Sterk viðhorf hafa fjóra eiginleika; þau þola breytingar, eru stöðug yfir tíma, hafa áhrif á hugsun og hafa áhrif á hegðun (Krosnick og Petty, 1995). Mikilvægi viðhorfa endurspeglar hversu mikið manneskja setur viðhorf í forgang. Þegar viðhorf eru metin mikilvæg og sett í forgang þá skuldbindur manneskja sig til þess að hugsa um viðhorfið, að afla sér upplýsinga um viðhorfið og styðjast við þær upplýsingar til þess að taka viðeigandi ákvarðanir. Mikilvægi viðhorfa hefur þrjá eiginleika; eigin hagsmunir, félagslegt auðkenni (*social identification*) og gildi. Viðhorf getur orðið mikilvægt einstaklingi ef hann sér hag í því, viðhorf getur orðið mikilvægt ef það styrkir félagslegt auðkenni þitt innan hóps og viðhorf getur orðið mikilvægt ef manneskju finnst það samræmast félagslegum og persónulegum gildum sínum (Howe og Krosnick, 2017). Það að upplifa viðhorf sem mikilvægt leiðir af sér að fólk

notar það viðhorf þegar það vegur og metur upplýsingar, tekur ákvarðanir og framkvæmir hegðun (Boninger, Krosnick og Berent, 1995)

Út frá langri sögu baráttu um Þjórsárver og því að bæði þeir sem eru með og á móti haldi áfram að berjast fyrir sínum sjónarmiðum áratugum saman er tilgáta tvö sett fram, *að viðhorf beggja hópa séu sterk.*

Fortölur

Fortölur (*persuasion*) er hugtak sem nær yfir það ferli þegar sendandi upplýsinga ætlar sér að hafa áhrif á viðhorf eða hegðun viðtakenda án þvingunar (Perloff, 2003). Fortölur birtast viðtakanda í ýmsu formi, til dæmis í samskiptum við fólk, gegnum fjölmiðla, af vefnum, í snjallsímum, á almenningstöðum og gegnum auglýsingar hvar sem þær birtast (Priester, Brinol og Petty, 2009; Perloff, 2003).

ELM - líkanið. Elaboration likelihood líkan Petty og Cacioppo er kenning um hvernig fortölur hafa áhrif á viðhorf. Samkvæmt kenningunni eru tvær leiðir sem fólk fer til þess að meta upplýsingar sem það fær, kjarnaleið og jaðarleið. Þegar kjarnaleið er farin er vandlega hugað að öllum rökum sem eru sett fram og þau metin áður en ákvörðun um viðhorf er tekin. Afurð kjarnaleiðar eru yfirleitt traust og vel ígrunduð viðhorf. Það er þó ógerlegt að beita kjarnaleið í öll þau skipti sem skilaboð eru metin. Það væri einfaldlega of tímafrekt fyrir fólk að taka vel ígrundaða afstöðu til allra þeirra skilaboða sem dynja á því í dagsins amstri. Því þarf fólk oft að notast við jaðarleið. Þá er sjónum beint að ytri einkennum skilaboða sem tengjast innihaldi þeirra takmarkað og gripið til leiðsagnarreglna til að komast að niðurstöðu. Þá byggist ákvarðanatáka til dæmis á því hvernig upplýsingar eru birtar og hvaðan þær koma, frekar en innihaldi upplýsinga. Þau viðhorf sem eru afurð jaðarleiðar eru ekki jafn stöðug og viðhorf sem verða til í gegnum kjarnaleið og spá ekki jafn vel fyrir um hegðun (Petty, Cacioppo og Goldman, 1981; Perloff, 2003).

Tveir þættir segja fremur öðrum til um það hvora leiðina fólk fer til þess að meta upplýsingar, það eru geta (*ability*) og áhugi (*motivation*). Til þess að fara kjarnaleið þarf fólk bæði

að hafa áhuga á viðkomandi málefni og getu til að meta upplýsingarnar og mynda vel ígrundaða skoðun. Bæði einstaklingsbundnir þættir og umhverfisaðstæður ráða því hvort fólk hafi getu til að meta upplýsingar í gegnum kjarnaleið. Það er auðveldara fyrir fólk að leggja vel ígrundað mat á málefni sem það hefur þekkingu á og á sama tíma er erfitt fyrir fólk að leggja mat á málefni sem það hefur litla sem enga þekkingu á, þá er erfitt að greina í sundur hvaða rök eru gild og hver eru það ekki. Það sem helst hefur áhrif á áhuga fólks á málefni, er hvort málefnið snerti viðkomandi persónulega. Þau málefni sem varða daglegt líf einstaklinga og snerta einstaklinginn beint hvetur þá til þess að mynda sér skoðanir á þeim gegnum kjarnaleið. Ef málefni er einstaklingi óviðkomandi og snertir viðkomandi ekki beint er fólk ólíklegra til að hafa fyrir því að eyða tíma í að leggja vel ígrundað mat á upplýsingum (Petty, Cacioppo og Goldman, 1981; Petty og Cacioppo, 1986; Perloff, 2003). Þegar fólk hefur mikinn áhuga á málefni þá er það líklegra til þess að meta upplýsingar tengdar því í gegnum kjarnaleið. Jaðarleið er frekar farin þegar áhugaleysis gætir. Til dæmis hafa stjórn málaflakkar nýtt sér það þegar þeir leggja áherslu á meðmæli frægs fólks, flottar auglýsingar og myndarlega frambjóðendur (Chaiken, 1979; Levine, 2006) frekar en stefnumál sín. Það getur leitt til þess að áhugalausir kjósendur láta til leiðast og kjósa viðkomandi flokk.

Annað fyrirbæri sem getur mótað viðhorf fólks eru sofandahrif (*sleeping effect*). Áhrif skilaboða aukast eftir því sem lengri tími líður frá því að þau birtust. Þetta stafar meðal annars af því að með tímanum gleymir fólk hvaðan skilaboðin komu en man skilaboðin sjálf, því getur ótrúverðugur boðberi skilaboða haft áhrif og breytt viðhorfum fólks (Kumkale og Albarracín, 2004). Sofandahrifin sýna skýrt fram á það að fortölur geta haft áhrif á viðhorf án þess að fólk geri sér grein fyrir því. Áhrif birtingar (*mere exposure*) eru annað dæmi um það. Það felur í sér að ítrekuð birting skilaboða getur ein og sér leitt af sér jákvæð viðhorf í garð skilaboðanna, því að fólki líkar að öllu jöfnu betur við það sem það hefur áður séð. Í sumum tilfellum gerir viðtakandi sér ekki grein fyrir því að skilaboðin urðu á vegi hans (Zajonc, 1968). Birting skilaboða getur þó haft þveröfug áhrif ef skilaboðin birtast of oft, þá getur það leitt til neikvæðra viðhorfa þar sem

viðtakandi verður pirraður á sífelldri birtingu. Áhrif birtinga hafa einungis áhrif þegar viðhorf eru í mótun, en ekki þegar viðhorf eru þegar fastmótuð (Perloff, 2003).

Þriðja tilgáta rannsóknarinnar er að *fortölur birtist bæði gegnum jaðarleið og kjarnaleið hjá báðum hópum*. Báðir hópar reyna að tala til hins almenna borgara gegnum jaðarleið.

Milli stafs og hurðar. Milli stafs og hurðar (*foot in the door*) er aðferð til þess að fá fólk til að gangast við beðni með því að biðja í fyrstu um lítinn greiða en í framhaldinu um stærri greiða. Ransóknir hafa sýnt að fólk er líklegra til þess að gangast við stórum greiða ef það hefur áður samþykkt minni greiða (Freedman og Fraser, 1966; Burger, 1999). Í tilraun Freedman og Fraser (1966) kom í ljós að ef fólk samþykkti að setja lítið skilti í glugga á heimili sínu með skilaboðum til ökumanna um að keyra varlega var það líklegra til þess að samþykkja að setja stórt skilti fyrir utan húsið sitt með sömu skilaboðum. Talið er að þörfin fyrir að vera sjálfum sér samkvæmur spili lykilhlutverk í áhrifum milli stafs og hurðar aðferðarinnar. Ransóknir hafa sýnt fram á þegar einstaklingar skora hátt á mælikvarða um þörf fyrir samkvæmni aukast áhrif milli stafs og hurðar aðferðarinnar (Guadagno, Asher, Demine og Cialdini, 2001).

Hurðarskellur. Önnur aðferð til þess að fá fólk til að gangast við beðni er hurðarskellur (*door in the face*). Aðferðin er í raun andstæðan við milli stafs og hurðar. Fólk fyrst beðið um mjög stóran greiða, sem flestir hafna. Sé fólk í framhaldi beðið um minni greiða er það líklegra til þess að gangast við honum heldur en ef það hefði strax verið beðið um minni greiðann (Tybout, 1978). Áhrif hurðaskells virðast til kominn vegna gagnkvæmni, einnig hefur sektarkennd áhrif. Fólk getur upplifað sektarkennd við það að hafna greiða og er því líklegra til þess að gangast við seinni greiðanum sem beðið er um. Þá losnar fólk við þá óþægilegu tilfinningu að upplifa sektarkennd (O'Keefe og Figg, 1997).

Grænþvottur. Á síðustu árum hefur það færst mikið í aukana að fyrirtæki státi sig af því hvernig þau standa sig í umhverfismálum. Með aukinni áherslu á umhverfismál, eykst svokallaður grænþvottur (Lyon og Montgomery, 2015). Grænþvottur er það þegar viðskiptavinir eru viljandi blekkir með ósönnum fullyrðingum um umhverfishegðun fyrirtækis, til dæmis með því að láta

merkingar og auglýsingar á vörum villa um fyrir neytenda og lofa meiri umhverfisávinningi en raunin er. Fullyrðingar fyrirtækis um „grænleika“ sinn eru þá villandi eða einfaldlega ósannar. Fyrirtæki selja sig út á það að vera vinir umhverfisins og/eða leiðtogar í baráttunni gegn fátækt og gera mikið úr því að kynna það sem þau gera vel í umhverfismálum til að draga athygli neytenda frá því sem fyrirtækið gerir illa (Lyon og Maxwell, 2011; Dahl, 2010). Því verður ímynd viðskiptavina sú að fyrirtækið standi sig vel í umhverfismálum og að vörur þess séu umhverfis og samfélagsvænar (Lyon og Montgomery, 2015). Margs konar fyrirtæki stunda grænþvott með einum eða öðrum hætti, fyrirtæki í orkuiðnaði eru þar engin undantekning (Guo, Tao, Li og Wang, 2017). Rannsóknir hafa sýnt að mjög mikið er um grænþvott, allt að 98% vara þar sem finna má umhverfisfullyrðingar reynast þær grænþvegnaar (Mulch, 2009). Þar sem neytendur eru margir hverjir tilbúnir til að borga meira fyrir umhverfisvænaar vörur þá er grænþvottur stórt vandamál, enda er einfaldlega verið að blekkja neytendur (Kotler, 2011). TerraChoice (2010) setti fram sjö syndir grænþvottar. Þessar aðferðir eru;

1. Að fela galla. Gefið til kynna að vara sé græn út frá mjög þröngum upplýsingum, aðrir þættir hundsáðir. Til dæmis umhverfisvænn pappír því hann kemur úr sjálfbærum skógi. Aðrir þættir við framleiðslu ekki teknir með í reikninginn.

2. Að setja fram fullyrðingar sem engar sannanir eru fyrir. Fullyrðing sett fram sem erfitt er fyrir neytanda að vita hvort sé sönn. Engar frekari upplýsingar eða sannanir aðgengilegar fyrir neytanda.

3. Loðin framsetning skilaboða. Fullyrðingar eru illa skilgreindar eða svo loðnar að auðvelt er fyrir neytanda að misskilja hana. Til dæmis þegar vara er sögð „náttúruleg“. Það er illa skilgreint hugtak sem getur í raun þýtt hvað sem er. Arsenik og úraníum eru náttúruleg efni, en þau eru ekki umhverfisvæn.

4. Að leggja áherslu á atriði sem skipta ekki máli. Sönn fullyrðing sem skiptir engu máli er sett fram í jákvæðu ljósi. Til dæmis sagt að vara sé laus CFC, þrátt fyrir að CFC sé bannað með lögum.

5. Að eitt sé betra en annað. Vara er borin saman við kost sem er verri og lítur þar með betur út í augum neytandans.

6. Að segja ósatt. Settar eru fram umhverfistengdar fullyrðingar sem eru einfaldlega ósannar. Til dæmis að vara sé vottuð sem umhverfisvæn, þegar hún er það ekki.

7. Að nota ósannar merkingar. Gefið til kynna að þriðji aðilli hafi vottað um ágæti vöru. Merkin geta svipað til raunverulegra vottunarmerkja, en eru alveg merkingarlaus. Þetta á líka við þegar fyrirtæki setja fram fullyrðingar í auglýsingaherferðum eða á vörurnar sjálfar um að þau vinni að umhverfismálum, en þau segja eitt en gera annað.

Eins og áður hefur komið fram stunda fyrirtæki í orkuiðnaði grænþvott, fjórða tilgáta rannsóknarinnar er að *grænþvottur komi fram í rökum Landsvirkjunar*

Réttlætning á kerfinu

Samkvæmt kenningunni um réttlætningu á kerfinu (*system justification*), er mat okkar á gildandi félagslegu skipulagi undir áhrifum þess að fólk hefur þörf á því að viðhalda upplifun sinni á stöðugleika og vissu, þörf fyrir að upplifa öryggi og að vera í tengslum við aðra sem tilheyra sama félagslega kerfi (Jost og Hunyady, 2005). Þessar þarfir hvetja okkur til að upplifa kerfi sem sanngjarnt, gagnlegt, lögmætt og stöðugt. Auk þess leiðir það til vilja til þess að viðhalda og vernda það ástand sem ríkir (*status quo*) (Jost, Liviatan, van der Toorn, Ledgerwood, Mandisodza og Nosek, 2009).

Langtímaafleiðingar réttlætningar á kerfinu geta verið neikvæðar, sérstaklega fyrir meðlimi þeirra hópa sem eru undir í hverju kerfi og komið í veg fyrir að fólk breyti hegðun sinni til að bæta það sem er slæmt í kerfinu, til dæmis ójöfnuð (Jost og Thompson, 2000; Rankin, Jost og Wakslak, 2009). Þeir sem eiga hagsmuna að gæta sem samræmast kerfinu ganga lengra en þeir sem tapa á kerfinu til þess að réttlæta kerfið þó er algengt að fólk sem tilheyrir minnihlutahóp í samfélagi styðji og trúi á kerfi sem vinnur gegn hagsmunum þess, hefur þessi hegðun verið skýrð með kenningunni um réttlætningu á kerfinu. Því getur réttlætning kerfisins kallað fram skoðanir og hegðun sem eru í andstöðu við breytingar og stuðla því að viðhaldi á kerfinu. Þetta getur jafnvel verið á kostnað eigin hagsmuna eða hagsmuna eigin hóps (Fong, 2001; Henry og Saul, 2006, Jost, Pelham, Sheldon og

Sullivan, 2003). Dæmi um þetta er þegar konur réttlæta viðvarandi misrétti gagnvart þeim með rökum um eðli og eiginleika kynjanna (Glick og Fiske, 2001).

Með því að horfa á félagslegan veruleika sem stöðugan, innihaldsríkan, skiljanlegan, útreiknanlegan og skipulagðan getur réttlætning kerfisins dregið úr neikvæðum tilfinningum, veitt viðnám við streitu og neikvæðri skynjun á umhverfi, það veitir því ákveðna hugarró. Rannsóknir hafa sýnt fram á að sú hegðun sem réttlætning kerfisins kallar fram í fólki; viðhald kerfisins og andstaða við breytingar á því, sé að einhverju leyti til komin vegna skorts á neikvæðum tilfinningum sem fylgja réttlætningu kerfisins (Wakslak, Jost, Tyler og Chen, 2007; Jost og Hunyady, 2002; Jost o.fl., 2009).

Réttlætning á kerfinu hefur verið tengd við viðhorf og hegðun sem tengist umhverfinu. Tilhneigingin til þess að réttlæta kerfið gæti haft áhrif á það hvort fólk meti rétt umhverfisspillandi hegðun og komið í veg fyrir að fólk sýni breyti hegðun sinni í þágu umhverfisins. Sú öryggistilfinning sem réttlætning á kerfinu leiðir af sér getur orðið til þess að fólk hunsar eða afneitar umhverfisvandamálum og viðheldur skaðlegri hegðun sinni. Því er réttlætning kerfisins stór hindrun á vegi þeirra sem reyna að breyta umhverfishegðun mannkyns (Feygina, Jost og Goldsmith, 2010).

Fimmta tilgáta rannsóknarinnar er að réttlætning á kerfinu komi fram í máli þeirra sem styðja framkvæmdir.

Leiðsagnarreglur

Leiðsagnarreglur eru eins konar þumalputtareglur sem fólk notar til þess að draga ályktanir. Notkun þeirra hraðar ákvörðunarferli og einfaldar ákvörðunartöku. Þegar stuðst er við leiðsagnarreglur er hluti upplýsinga hundsáður til að taka ákvarðanir hratt og fyrirhafnarlaust. Þetta ferli getur bæði verið ómeðvitað og meðvitað. Leiðsagnarreglur eru notaðar einkum af tvennum ástæðum; stundum erum við neydd til að nota þær vegna þess að við náum ekki að hugsa rökrétt vegna vitsmunalegra takmarkana og vegna þess að margar ákvarðanir eru ekki nægilega mikilvægar til þess að eyða miklum tíma í að komast að bestu og réttustu niðurstöðunni (Gigerenzer og

Gaissmaier, 2011; Tversky og Kahneman, 1974). Notkun leiðsagnarreglna getur verið gagnleg, en þær geta einnig leitt til slæmra ákvarðana (Tversky og Kahneman, 1974). Þegar leiðsagnarreglur eru notaðar spörum við okkur fyrirhöfn því að upplýsingaleit og útreiknanir eru tímafreakar. Þetta er á kostnað nákvæmni. Til að geta flokkað fyrirbæri þurfum við að afla okkur upplýsinga og vinna úr þeim, þess vegna eigum við það til að byggja flokkun okkar á hlutum, atburðum eða fólki á takmörkuðum upplýsingum. Þá gerum við villur sem kallast hugsanaskekkjur (*cognitive biases*) (Tversky og Kahneman, 1974). Hugsanaskekkjur verða þegar hugsun fólks býr til túlkun sem er kerfisbundið skekkt (Haselton, Nettle og Murray, 2015). Leiðsagnarreglur sem við nýtum okkur eru margar og mismunandi, hér verður fjallað nánar um nokkrar slíkar sem nýtast til þess að skilja umfjöllun um umdeild málefni eins og t.d. virkjanakosti.

Markmiðadrifin hugsun. Markmiðadrifin hugsun (*motivated reasoning*) er hugsanaskekkja sem lýsir sér þannig að upplýsingar eru túlkaðar út frá markmiðum þess sem upplýsingarnar meðtekur. Sálfræðingar hafa fært fyrir því rök að röksemdarfærsla okkar sé ekki óháð markmiðum okkar (Tasic, 2011). Þegar maður á sér markmið, þá túlkar og vinnur viðkomandi úr upplýsingum í takt við það markmið. Upplýsingar sem ganga gegn markmiðinu eru dæmdar ógildar, hunsaðar eða endurtúlkaðar svo þær falli betur að markmiðinu. Þetta merkir ekki að fólk geti dregið hvaða ályktun sem er eða trúað hverju sem er. Fólk leitast alltaf við það að geta réttlætt þær skoðanir sem það hefur frammi og að geta fært rök fyrir máli sínu. Markmiðsdrifin hugsun er einkar áhrifamikil vegna þess að fólk er ekki tilbúið að viðurkenna hana og áttar sig raunar ekki á því sjálft, að þankaferill þess og röksemdarfærsla er skekkt. Fólk dregur aðeins ályktanir út frá eigin markmiðum ef þeim finnst að þau hafi næg rök fyrir þeim. Til að safna rökum fyrir máli sínu leitar fólk í minni sitt og raðar saman þeirri þekkingu sem það býr yfir þannig það stendur uppi með réttlætanlega skoðun sem er í samræmi við þá niðurstöðu sem það leitaði eftir. Það sem verður því mest fyrir áhrifum markmiðadrifinnar hugsunar er ný uppröðun á þekkingu og minnisleit (Hulda Þórisdóttir, 2009). Fæstir væru tilbúnir til þess að viðurkenna að ef aðstæður væru aðrar og önnur niðurstaða ákjósanleg, þá hefði annað verið kallað fram úr minni og sú þekking sem er til staðar hefði verið

raðað saman á annan hátt. Tilraunir hafa ítrekað sýnt fram á það að fólk metur niðurstöður rannsókna út frá því hvort þær falli að skoðunum viðkomandi. Ef niðurstöður rannsókna fara gegn hag, skoðun eða vilja fólks er mun það síður leggja trú á niðurstöðurnar. Það stafar sennilega af því hvernig upplýsingar eru túlkaðar (Kunda, 1990).

Staðfestingarskekkja. Önnur hugsanaskekkja markmiðsháðri hugsun er staðfestingarskekkja (*confirmation bias*). Hún snýr að tilhneigingu fólks til þess að leita uppi upplýsingar sem samræmast skoðun og/eða trú þess. Staðfestingarskekkjan birtist einnig í tilhneigingu fólks til að túlka nýjar upplýsingar á þann veg að þær staðfesti þær skoðanir, tilgátur eða væntingar sem viðkomandi hafði fyrir fram. Nýjar upplýsingar eru þá metnar skekkt í átt að þeirri skoðun sem viðkomandi hafði þegar myndað sér (Nickerson, 1998). Þegar upplýstar ákvarðanir eru teknar eða vel upplýstar skoðanir myndaðar, eru allar hliðar skoðaðar, öll gögn tekin með í reikninginn og metin til að mynda skoðun. En þegar staðfestingarskekkjan er við völd, þá eru gögn sem styrkja fyrirframmyndaða skoðun eða trú valin á meðan önnur eru hunsuð og ekki gefið vægi (Nickerson, 1998).

Bæði markmiðadrifin hugsun og staðfestingarskekkjan eru frávík sem sýna fram á það að fólk hefur tilhneigingu til þess að hunsa upplýsingar sem stríða gegn markmiðum og skoðunum þeirra og sækja í upplýsingar og gögn sem staðfesta þá skoðun sem það hefur (Nickerson, 1998; Juurikkala, 2012; Dave og Wolf, 2003). Líkt og markmiðadrifin hugsun, þá er staðfestingarskekkjan ómeðvitað ferli. Ef fólk vill heldur komast að einni niðurstöðu en annarri, þá mun það, hvort sem það er meðvitað um það eða ekki meðtaka upplýsingar og vinna úr þeim á þann hátt sem staðfestir þá niðurstöðu sem það vill. Rök sem stríða gegn þeirri niðurstöðu eru dæmd ógild, endurtúlkuð eða einfaldlega hunsuð. Staðfestingarskekkjan birtist augljóslega í þeirri tilhneigingu okkur til þess að trúa því sem samherji okkar segir en efast það sem mótherji okkar segir (Nickerson, 1998).

Góð dæmi um markmiðadrifina hugsun og staðfestingarskekkju er opinber umræða hér á landi á árunum fyrir hrun. Í góðærinu á Íslandi á árunum fyrir bankahrunið komu fram skýrslur sem

vörpuðu dökkri mynd á stöðu íslensku bankanna. Þessum skýrslum var ekki vel tekið hér á landi. Í viðauka Huldu Þórisdóttur (2011) við rannsóknarskýrslu Alþingis kemur fram að fyrir sakir markmiðadrifinnar hugsunar og staðfestingarskekkju túlkuðu margir Íslendingar þessar skýrslur sem illa unnar og/eða skrifaðar af skýrsluhöfundum sem voru taldir vera illa við velgengni Íslendinga í viðskiptalífínu. Áframhaldandi gott efnahagslíf og góðæri var Íslendingum hagsmunamál og því túlkaðu margir Íslendingar þessar skýrslur á þann veg sem samræmist markmiðum þjóðarinnar. Fólk virðist hafa trúað því í fullri einlægni að þessum skýrslum væri takandi mark á (Hulda Þórisdóttir, 2011).

Bæði þeir sem voru með framkvæmdum og á móti þeim áttu sér skýr markmið. Annars vegar að koma í veg fyrir framkvæmdir og hins vegar að tryggja að af þeim verði. Þessi markmið fara engan vegin saman. Þessi markmið hafa sennilega haft áhrif á túlkun fólks á skýrslum og úrskurðum sem um málið féllu þar sem röksemdarfærsla okkar er að einhverju leyti háð markmiðum okkar (Tasic, 2011). Rannsóknartilgáta 6a er því að *markmiðaháð hugsun hafi verið gegnum gangandi í umræðu um Norðlingaölduveitu. Bæði meðal þeirra sem voru með og á móti framkvæmdum. Að sama skapi er því spáð að staðfestingarskekkjan hafi verið áberandi í máli beggja aðila á þann hátt að fólk hafi leitað í upplýsingar sem samræmist þeirra fyrirframgefnu skoðun til þess að færa rök fyrir máli sínu og að nýjar upplýsingar hafi verið túlkaðar á þann veg að þær samræmist fyrri skoðun. Rannsóknartilgáta 6b er því að *staðfestingarskekkjan hafi verið áberandi í máli beggja aðila.**

Bjartsýnisvillan. Bjartsýnisvillan (*optimistim bias*) snýr að tilhneigingu okkar til þess að ofmeta líkur á jákvæðum atburðum og vanmeta líkur á neikvæðum atburðum (Delmas og Burbano, 2011). Bjartsýnisvillan birtist einnig í tilhneigingu fólks til þess að meta eigin áhættu minni en þá áhættu sem aðrir taka (Klein og Helweg-Larsen, 2001). Bjartsýnisvillan verður að einhverju leyti vegna spáa um framtíðaratburði sem eru oft litaðar af áformum um árangur en ekki af því sem hefur gerst í fortíðinni (Delmas og Burbano, 2011). Langvarandi bjartsýnisvillur geta birtst á þrennan hátt: 1) óraunhæft jákvætt sjálfsmat, 2) óraunhæf bjartsýni um framtíðaratburði og áform og 3)

blekkingu um stjórn á aðstæðum (Taylor og Brown, 1988). Fólk trúir því að það sjálft sé ólíklegra en aðrir til þess að lenda í neikvæðum atburðum, til dæmis að slasast í bíslýsi, fá krabbamein, skilja við maka og verða áfengisfíklar. Bjartsýnisvillan hrjáir konur jafnt sem karla, leggst á alla aldurshópa og menntaða einstaklinga jafnt sem ómenntaða (Klein og Helweg-Larsen, 2001).

Akkeri. Ákvörðunartaka einstaklinga stjórnast að einhverju leiti af samhengi þeirra upplýsinga sem hún byggir á. Akkeri (*anchoring*) er sekkja sem verður þegar einstaklingur reiðir sig of mikið á upphaflegar upplýsingar (sem er kallað akkeri) við ákvarðanatöku. Akkerið verður þá eins konar viðmiðunarpunktur sem möguleikar eru miðaðir við. Þessi viðmiðunarpunktur getur verið niðurstaða hálfkláraðs eða ófullkomins útreiknings eða verið leiddur út frá framsetningu vandamálsins. Tversky og Kahneman gerðu rannsókn þar sem unglingar voru látnir giska á svar við margföldunardæmum. Annar hópurinn átti að svara hvað $1 \times 2 \times 3 \times 4 \times 5 \times 6 \times 7 \times 8$ er mikið en fyrir hinn hópurinn var dæminu snúið við, $8 \times 7 \times 6 \times 5 \times 4 \times 3 \times 2 \times 1$. Svör við þessum dæmum er það sama, en þar sem þátttakendur höfðu lítinn tíma til þess að svara hafði uppsetning dæmanna marktæk áhrif á ágiskun unglinganna. Sá hópur sem fékk dæmi sem byrjaði á hærri tölu giskaði á hærri útkomu (Kahneman, Slovic og Tversky, 1982). Verslanir nýta sér þetta einnig þegar þær eru með útsölur, þá verður upprunalegt verð akkeri sem útsöluverð er borið saman við. Akkeri geta einnig haft áhrif á ákvörðun þrátt fyrir að vera algerlega óviðkomandi henni. Í svokalluðu Genghis Kahn prófi kemur það vel í ljós. Í þeirri rannsókn var fólk beðið um að skrifa niður þrjá síðustu stafina í símanúmerinu sínu, svo var það spurt hvenær það héldi að Genghis Khan hefði dáið. Ítrekað hafa niðurstöður þessa prófs sýnt fram á fylgni milli lokastafa símanúmers og ágiskun um dánarár (Roxburgh, 2003).

Sokkinn kostnaður. Kostnaður sem orðið hefur til vegna kaupa á þjónustu eða vöru sem er hvorki hægt að nýta í annað en ætlast var til í upphafi né selja aftur, kallast sokkinn kostnaður (*sunk cost*). Þegar kostnaður er sokkinn þá er ekki hægt að fá hann endurgreiddann. Ályktunarvillan um sokkinn kostnað á sér stað þegar ákvarðanataka endurspeglar hneigð fólks til þess að láta þann kostnað sem þegar hefur verið lagt í hafa áhrif á ákvarðanatöku (Strough, Mehta, McFall og Schuller, 2008). Áhrifin um sokkinn kostnað birtist í meiri tilhneigingu til þess að halda áfram með

það sem þegar hefur verið fjárfest í, hvort sem um ræðir pening, tíma eða vinnu (Arkes og Blumer, 1985). Ákvarðanir ættu með réttu að vera teknar út frá þeim afleiðingum sem þær mun hafa í framtíðini, en rannsóknir þó hafa sýnt fram á að þeir sem taka ákvörðun eiga oft erfitt með að horfa fram hjá því ef þegar hefur verið lagt í kostnað sem hefur áhrif á ákvörðunina (Tan og Yates, 1995).

Hugsanaskekkjan um sokkinn kostnað finnst víða. Til dæmis þegar horft er á leiðinlega bíómynd. Eftir hálf tíma áhorf áttar áhorfandi sig á því að myndin er leiðinleg en heldur áfram að horfa því viðkomandi hefur nú þegar eytt hálf tíma af lífi sínu í að horfa og vill ekki að sá hálf tími fari til spillis. Sokkinn kostnaður getur þó haft mun veigameiri afleiðingar en bíómyndaáhorf. Þeir sem átta sig á því að hægt er að hafa áhrif á ákvarðanir með því að nota sokkinn kostnað sem rök geta notað það til þess að koma eigin hagsmunum á framfæri. Arkes og Blumer (1985) vitna í framkvæmdarstjóra innan kjarnorkuiðnaðarins sem útskýrði að enginn með réttu ráði myndi hætta við framkvæmd sem nú þegar væri búð að eyða milljörðum í. Það nýtir geirinn sér í hag með því að vera alltaf með næstu framkvæmd í undirbúningi án þess að andstæðingar iðnaðarins viti af því. Þegar ferlið er lengra komið og andstæðingar fara að mótmæla fyrirhuguðum framkvæmdum er það of seint þar sem miklum fjármunum hefur þegar verið eytt í framkvæmdina.

Rannsóknir hafa ýmist sýnt fram á að tilhneiging til þess að láta sokkinn kostnað stjórna ákvarðanatöku stöðugur milli hópa og að tilhneiging til þess minnki með aldri (Strough, Mehta, McFall og Schuller, 2008). Ein af þeim sálfræðilegu réttlætningum á því að láta sokkinn kostnað hafa áhrif á ákvarðanatöku er vilji fólks til þess að líta ekki út fyrir að vera eyðslusamur og sóa peningum, tíma og vinnu í eitthvað sem ekki nýtist (Arkes og Blumer, 1985).

Thaler (1980) studdist við væntikenningu (*prospect theory*) Kahnemans og Tverskys til þess að útskýra uppruna sokkins kostnaðar. Væntikenningin skýrir ákvarðanatöku og hegðun einstaklinga sem standa frammi fyrir áhættu í aðstæðum þar sem möguleiki er bæði á hagnaði og tapi. Í stuttu og einföldu máli snýst væntikenningin um það að fólk metur tap og ávinning ekki jafnt. Til dæmis, ef fólk væri beðið um að leggja upphæð undir í veðmáli, þá verður ávinningur þess að vinna veðmálið að vera hærri en hugsanlegt tap af því að tapa veðmálinu. Tapfælni (*loss aversion*)

vísar tilhneigingar fólks til þess að forðast tap. Einstaklingur metur gróða og tap sömu upphæðar ekki jafnt. Ánægjan sem fylgir því að græða ákveðna upphæð er minni en óánægjan við að tapa samsvarandi upphæð (Tversky og Kahneman, 1991).

Þar sem undirbúningur Norðlingaölduveitu hafði í raun staðið áratugum saman með tilheyrandi kostnaði getur framkvæmdaraðilli nýtt sokkinn kostnað sem rök fyrir framkvæmdum. Rannsóknartilgáta 6d er því að *Landsvirkjun hafi nýtt sokkinn kostað sem rök fyrir framkvæmdum.*

Aðferð

Úrtak

Þegar innihaldsgreining er unnin er mikilvægt að þau gögn sem unnið er með veiti aðgang að umfjöllun á sama hátt og hún birtist lesendum (Hansen, 2003). Á vefnum timarit.is sem var stuðst við til gagnöflunnar, hafa blaðsíður verið myndaðar og vistaðar á PDF formi og því hægt að nálgast þær og sjá blaðsíðurnar eins og þær birtust lesendum á sínum tíma.

Til þess að mynda úrtak rannsóknarinnar var leitað var að orðinu *Norðlingaölduveita* á vefnum timarit.is. Sá vefur er stafrænt safn og gefur aðgang að stærstum hluta þeirra blaða og tímarita sem gefin hafa verið út á íslensku (Timarit, e.d.). Fjöldi blaðsíðna sem kom upp þegar leitarorðið *Norðlingaölduveita* var slegið inn fyrir tímabilið 1. janúar 2001-31. desember 2006 var 155 blaðsíður. Þar af voru 30 blaðsíður úr Fréttablaðinu og 89 úr Morgunblaðinu og mynduðu þær það úrtak sem var frekar skoðað. Þær blaðsíður sem upp komu við leit, en ekki voru skoðaðar frekar komu úr Blaðinu (3), Árbók VFÍ/TFÍ (11), DV (20), Ritaskrá Háskóla Íslands (1) og Verktækni (1). Blaðsíður úr Morgunblaðinu og Fréttablaðinu voru valdar í endanlegt úrtak vegna þess að mikið var fjallað um málið þar og vegna þess að þau voru mest lesnu blöð á Íslandi á þeim tíma (Gallup, e.d.). Á timarit.is er hægt að skoða öll eintök Fréttablaðsins og Morgunblaðsins sem komu út á áður nefndu tímabili. Til þess að afmarka úrtakið enn frekar voru allar blaðsíður sem komu upp við leit prentaðar út og þaullesnar. Á sumum blaðsíðum reyndust vera fleiri en eitt atriði um málið, því er ekki samasemmerki milli fjölda blaðsíðna og fjölda atriða.

Atriði sem reyndust vera auglýsingar voru teknar frá strax í upphafi. Stuttar fréttatilkynningar og fréttir þar sem *Norðlingaölduveita* var aðeins nefnd en ekki fjallað um voru einnig útilokaðar. Lokaúrtak samanstóð af fréttum og aðsendum greinum. Úrtakið samanstóð af 17 atriðum úr Fréttablaðinu og 51 atriði úr Morgunblaðinu eða 68 atriði samtals.

Framkvæmd

Innihaldsgreining var notuð við framkvæmd rannsóknarinnar. Einungis eigindlegum aðferðum var beitt. Áhersla lögð á hvað er sagt eins og Berelson (1952) áleit að innihaldsgreining ætti að snúast um. Einnig á skýring Krippendorff (2004) við, en hann sagði innihaldsgreiningu vera greiningu á augljósu og duldu innihaldi samskipta. Eigindleg leið var valin vegna þess að í mörgum tilvikum voru greinarhöfundar eða viðmælendur að beita fleiri en einni af þeim aðferðum sem lýst er í inngangi hér að framan eða þeirri sömu ítrekað. Til dæmis gæti sami viðmælandi notað sokkinn kostnað og mannhverf sjónarmið í sömu setningunni eða flakkað fram og til baka milli jaðar-og kjarnaleiðar. Þess vegna var erfitt að magnbinda upplýsingar auk þess sem magnbinding gæfi takmarkaðar upplýsingar. Allur texti sem úrtak rannsóknarinnar innihélt var þaullesin með það að markmiði að túlka fjölmiðlaumræðu hans í út frá sálfræði. Sérstaklega var leitað eftir dæmum um;

- Mannhverf og náttúruhverf sjónarmið
- Viðhorf
- Fortölur
 - Kjarnaleið og jaðarleið
 - Grænþvott
 - Hurðarskellur/milli stafs og hurðar
- Réttlætingu á kerfinu
- Leiðsagnarreglur
 - Markmiðadrifna hugsun
 - Staðfestingarskekkju
 - Bjartsýnisvillu
 - Akkeri
 - Sokkinn kostnað

Niðurstöður og umræða

Í allri umræðu um Norðlingaölduveitu var fernt áberandi; markmiðadrifin hugsun, mannhverf sjónarmið og náttúruhverf sjónarmið tókust á, viðhorf voru sterk og langlíf og að flakkað var á milli jaðar og kjarnaleiðar þegar fólk færði rök fyrir máli sínu. Auk þess voru fjölmörg dæmi um sokkinn kostnað og grænþvott. Einnig komu fyrir í umræðunni dæmi um réttlætingu á kerfinu, milli stafs og hurðar/hurðarskell, bjartsýnisvillu og akkerisvillu.

Náttúrusiðfræði

Tilgáta eitt snéri að náttúrusiðfræði. Hún var í tveimur liðum a) *mannhverf sjónarmið voru ríkjandi í máli þeirra sem studdu framkvæmdir* b) *Náttúruhverf sjónarmið voru ríkjandi í máli þeirra sem voru á móti framkvæmdum*. Fyrri liðurinn var studdur. Mannhverf sjónarmið voru ríkjandi í máli þeirra sem studdu framkvæmdir. Seinni liðurinn var studdur að mestu leyti. Náttúruhverf sjónarmið voru ríkjandi í máli þeirra sem voru á móti framkvæmdum. En þó voru dæmi um það að andstæðingar framkvæmda færðu fyrir máli sínu rök út frá náttúruhverfum sjónarmiðum en enduðu í mannhverfum sjónarmiðum því þeir stilltu mannum upp sem ábyrgðaraðila á náttúrunni eða komu með rök sem snérist um mikilvægi ósnertrar náttúru fyrir manninn; Að það ætti að vernda náttúruna fyrir manninn, ekki sjálfrar sín vegna og alls sem í henni býr. Því er seinni liður fyrstu rannsóknartilgátu ekki að fullu studdur.

Mannhverf sjónarmið. Í sumum fréttum var það mjög augljóst að þar tókust á mannhverf sjónarmið og náttúruhverf sjónarmið. Fólk sem talaði fyrir Norðlingaölduveitu gekkst við því að vissulega myndi hún skaða náttúruna, en ekki of mikið af þeirra mati. Það væri innan marka sem maðurinn sjálfur setti og því í lagi að fórna umræddi náttúru fyrir hag mannsins. Þeir sem opinberlega studdu framkvæmdir voru margir hverjir á vegum Landsvirkjunar eða stjórnámálamenn. Valgerður Sverrisdóttir, þáverandi iðnaðarráðherra var meðal þeirra stjórnámálamanna sem opinberlega studdu Norðlingaölduveitu „Það er mín tilfinning, þó ég geri mér grein fyrir því að það skaðar náttúruna að fara í þessar framkvæmdir, að áhrifin á náttúruna verði innan marka“ (Fagnar

úrskurðinum en enn langt í land, 2002). Það eitt að manneskjan geti ákveðið slík mörk er mannhverfa.

Í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum sem Landsvirkjun lagði fram árið 2002 eru umhverfisáhrif Norðlingaölduveitu metin. Þar eru mannhverf sjónarmið ríkjandi. Niðurstaða skýrslunnar er að framkvæmdin muni ekki koma til með að hafa „umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið“. Í skýrslunni eru eftirfarandi umhverfisáhrif útlustuð;

Alls færu um 8% af hreiðurstæðum heiðargæsarinnar í Þjórsársverum og nágrenni undir vatn. Það samsvarar um 550 af 6.800 hreiðrum á öllu svæðinu. Norðlingaölduveita hefði því áhrif á innan við 2% af heildarvarpstofni heiðargæsarinnar. Með þessu lóni mundu fara um 2,3 ferkílómetrar af votlendi undir vatn og 7,2 ferkílómetrar af grónu landi. Þar af 1,5 ferkílómetrar í friðlandi Þjórsárvera (Nýting og verndun Þjórsárvera geta farið saman, 2002).

Forsvarsmenn Landsvirkjunar töluðu ítrekað um og lögðu mikla áherslu á hagkvæmni veitunnar og að hún væri forsenda framkvæmda við álverksmiðju á Grundartanga. Þegar umræðan vék að náttúrunni og talað var um umhverfisáhrif þá voru þau ávallt „innan marka“ og talað um að framkvæmdin rýri ekki náttúruverndargildi Þjórsárvera „óhæfilega“ (Nýting og verndun Þjórsárvera geta farið saman, 2002). Úr þessu orðavali má túlka að framkvæmdin muni óhjákvæmilega rýra náttúruverndargildi af einhverju leyti.

Viðskiptaleg sjónarmið vou í algerum forgangi á kostnað náttúrunnar og mikið var talað um hagkvæmni veitunnar, annað virtist aukaatriði í máli þeirra sem studdu veituna (Nýting og verndun Þjórsárvera geta farið saman, 2002). Valgerður Sverrisdóttir talaði um að framkvæmdirnar væru mjög mikilvægar fyrir efnahagslífið (Fagnar úrskurðinum en enn langt í land, 2002). Friðrik Sophusson greindi frá því að það sem ræki á eftir undirbúningi fyrir framkvæmdir við Norðlingaölduveitu væru „vitanlega óskir Norðuráls um að fá nægilegt rafmagn á árinu 2004 vegna fyrirhugaðrar 90 þúsund tonna stækkunar álversins á Grundartanga“ svo bætti hann við að Norðlingaöldulón væri „langhagstæðasta virkjunin frá fjárhagslegu og verkfræðilegu sjónarmiði“ (Erum með mörg járn í eldinum, 2001). Þau sjónarmið sem ráku Landsvirkjun áfram voru því

samkvæmt þessu eingöngu mannhverf; að virkja á sem hagkvæmastan hátt svo Norðurál gæti fengið það rafmagn sem það biður um. Náttúruhverf sjónarmið koma þarna hvergi fram.

Náttúruhverf sjónarmið. Andstæðingar framkvæmda töluðu mikið um lífríki veranna, náttúrufar, hversu einstakt það væri á heimsvísu og að það væri ekki metið til fjár. Oft mátti túlka orð þeirra á mjög náttúruhverfan hátt; að verin hefðu gildi fyrir það eitt að vera til. En einnig kom fyrir að skautað var úr náttúruhverfum rökum yfir í mannhverf með því að blanda manningum inn í þau rök sem komu fram.

Gnúpverjar voru áberandi meðal þeirra sem voru andstæðingar framkvæmda. Sigprúður Jónsdóttir var ein þeirra, orð hennar má túlka á náttúruhverfan hátt „þetta er náttúruþerla, þetta er gersemi og við getum ekki sætt okkur við að fórna henni fyrir nokkurn hlut, því sumir hlutir eru einfaldlega ekki falir fyrir peninga“ (Náttúruþerla sem ekki má stofna í hættu, 2001). Út frá orðum hennar má túlka að Þjórsárverin séu verðmæt án þess að mannfólkið komi þar nokkuð við sögu. Sömu túlkun má draga af orðum sveitunga hennar, Svanborgar Jónsdóttur sem sagði Þjórsárver vera „mjög merkilegt svæði“, „þau séu í allt að 600 metra hæð yfir sjávarmáli, en samt sé þarna um ótrúlega fjölbreytt lífríki að ræða, sem sé umkringtt sandi og auðn.“ Svanborg ítrekaði fjölbreytileika lífríkisins, það væri „bæði fjölbreytt gróðurfarslega, en einnig væri þar heilmikið dýralíf“. Sigprúður og Svanborg fóru fyrir áhugahópi um verndun Þjórsárvera og í yfirlýsingu í Morgunblaðinu kom fram að Þjórsárver væru náttúruþerla og „ekki má taka neina áhættu með framkvæmdum á eða í grennd við svæðið“ (Náttúruþerla sem ekki má stofna í hættu, 2001). Í þeirra orðum má túlka að náttúran eigi að njóta vafans og náttúruhverf sjónarmið því að svæðið sé mikilvægt án þess að nýting mannsins á því komi við sögu. Sverrir Hermannsson tók seinna í svipaðan streng þegar hann sagði „það verður ekki allt metið til fjár. Og ekki þetta“ (Undrandi á úrskurðinum, 2002).

Fleiri Gnúpverjar tóku í sama streng og Sigprúður og Svanborg. Birkir Þrastarson sagði „svæðið einstakt á heimsvísu“ og að það væri „algjör paradís þarna innfrá, meira að segja í slydduhraglanda er fallett“. Halla Guðmundsdóttir talaði um fossana þrjá í Þjórsá og stekkur í raun

úr náttúruhverfu sjónarmiði yfir í mannhverft sjónarmið þegar hún vék máli að rennsli í fossum Þjórsár sagði að „það hefði færst í aukana að göngufólk legði leið sína að þangað“ (Óttast að erfitt verði að koma í veg fyrir uppblástur, 2002). Þar með gefur hún í skyn að fossarnir eigi sér aukinn tilverurétt ef mannfólk nýtur þeirra. Þegar umræðan vék að fossunum voru þau rök oftast höfð frammi og voru þau mjög áberandi í úrskurði setts umhverfisráðherra 2003. Eitt af þeim skilyrðum sem hann setti fyrir framkvæmdum var að Landsvirkjun bæri að viðhalda meðalrennsli í Þjórsá yfir hádaginn á sumrin til að tryggja vatnsrennsli í fossunum eins og unnt væri (Friðlandið er óskert, 2003; Heilbrigðis- og Tryggingamálaráðuneytið, 2003). Umhverfisráðherra gefur með þessum úrskurði fossunum vægi, en aðeins á þeim tíma sem göngufólk er líklegt til þess að vera á staðnum, á daginn, yfir sumartímamann, þeir hafa meira gildi ef mannfólk er til staðar til að njóta þeirra.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins til skipulagsstofnunar er bent á mörg rök gegn framkvæmdum sem byggjast á náttúruhverfum sjónarmiðum. Til dæmis rofhættu sem gæti haft áhrif á nærliggjandi svæði, hversu mikið gróið land fer undir vatn og að Þjórsárver séu á skrá Ramsarsamningsins um verndun votlendis. Að lokum kemur fram að „fyrirhugaðar framkvæmdir munu einnig skerða gróðurvinjar á hálendi Íslands og skerða þá líffræðilegu fjölbreytni sem Ísland býr yfir og er á ábyrgð okkar (Rýrir náttúruverndargildi Þjórsárvera, 2002).“ Með þessum orðum er í raun farið úr náttúruhverfum sjónarmiðum yfir í mannhverf, því ábyrgð á náttúrunni er sett á herðar mannsins.

Viðhorf

Önnur tilgáta rannsóknarinnar snéri að viðhorfum, *að viðhorf beggja hópa hafi verið sterk*. Sú tilgáta var studd. Sterk viðhorf einkenna alla umræðu um Norðlingaölduveitu. Á þessum árum var mikið deilt um virkjanaframkvæmdir á Íslandi. Deilur um Kárahnjúkavirkjun voru í algleymingi sem og stóriðjustefnu stjórnvalda. Í deilunni um Norðlingaölduveitu tókust á mjög andstæðar skoðanir; fólk sem vildi nýta náttúruauðlindir og svo þeir sem vildu vernda náttúru Íslands. Þessar skoðanir áttu enga samleið og erfitt reyndist að finna málamiðlanir sem allir aðilar gátu sætt sig við.

Virtist litlu skipta hvaða rök voru höfð frammi, hvaða niðurstöður rannsóknir gáfu, fólk hélt fast í sínar skoðanir og virtust báðir deiluaðilar hafa næg rök að eigin mati til að viðhalda sinni skoðun. Viðhorf þeirra sem voru á móti Norðlingaölduveitu voru mjög lífsseig og stöðug árum og áratugum saman, eins og er einkennandi fyrir sterk viðhorf. Þessi viðhorf virtust spá fyrir um hegðun enda beitti fólk sér gegn framkvæmdum.

Andstaða við framkvæmdir hafði frá upphafi verið mikil meðal heimamanna í Gnúpverjahreppi. Árið 2001 skrifuðu 72% atkvæðabærra Gnúpverja undir áskorun um verndun Þjórsárvera (Náttúruperla sem ekki má stofna í hættu, 2001). Raunar höfðu Gnúpverjar mótmælt því að skerða ætti Þjórsárver síðan á fjölmennum fundi árið 1972 eins og Már Haraldsson þáverandi oddviti Gnúpverjahrepps benti á í Morgunblaðinu 6. júní 2002. Þá sagði Már að umræða um lægri lónshæð breytti engu um skoðun meirihluta Gnúpverja þar sem grundvallaráhrif framkvæmda yrðu þau sömu þrátt fyrir að umfang þeirra minnkaði að einhverju leyti (Líkur á að lónið fyllist á skemmri tíma en áður var talið, 2002). Í Morgunblaðinu 9. maí 2002 er fjallað um íbúafund sem haldinn var í Árnesi í Gnúpverjahreppi. Í fréttinni er vitnað í nokkra Gnúpverja sem gagnrýndu matsskýrslu sem þar var fjallað um, einn fundargesta sagði, „að því meira sem hún kynnti sér málið því meira yrði hún á móti því“ (Óttast að erfitt verði að koma í veg fyrir uppblástur, 2002). Viðhorf hennar voru því sterk en styrktust eftir því sem hún kynnti sér málið betur, aukin þekking á málinu leiddi sem sagt af sér sterkari viðhorf. Í ágúst sama ár segir Már Haraldsson þáverandi oddviti sameinaðs Skeiða- og Gnúpverjahrepps að nýkveðinn úrskurður Skipulagsstofnunar sem kom ekki vel út fyrir andstæðinga Norðlingaölduveitu að úrskurðurinn væri ekki þess eðlis að hann kæmi til með að breyta afstöðu þeirra (meirihluta hreppsnefndar) til Norðlingaölduveitu, „mér sýnist þessi úrskurður þó vera þess eðlis að hann komi ekki til með að breyta neinu um afstöðu okkar til Norðlingaölduveitu“ (Margt í úrskurðinum með ólíkindum, 2002). Viðhorf meirihluta hreppsnefndar virðast því hafa verið sterk og úrskurður Skipulagsstofnunar sem fór gegn þeim viðhorfum breytti þeim ekki.

Viðhorf meirihluta Gnúpverja voru því afskaplega sterk, endust áratugum saman og þoldu breytingar á mögulegum útfærslum virkjanaframkvæmda. Þessi sterku viðhorf höfðu greinileg áhrif á hegðun Gnúpverja, þeir fjölmenntu á íbúafundi þegar málið var til umfjöllunar. Sömu sögu er ekki að segja austan Þjórsár þar sem íbúar voru almennt ekki á móti framkvæmdum. Kynningarfundir voru haldnir fyrir íbúa og á fund í Laugalandi í Holtum (austan Þjórsár) mættu 15 manns. Nokkrum dögum seinna mættu hins vega 80 íbúar Gnúpverjahrepps á kynningarfund í Árnesi (Óttast að erfitt verði að koma í veg fyrir uppblástur, 2002). Hafa skal í huga að þetta eru nokkuð fámenn sveitarfélög og því eru 80 íbúar nokkur fjöldi.

Viðhorf Náttúruverndar ríkisins voru einnig sterk á móti fyrirhuguðum framkvæmdum. Þegar þau höfðu einu sinni hafnað framkvæmd bárust viðbótargögn frá Landsvirkjun, en Náttúruvernd ríkisins stóð fast við sinn keip og sagði þau gögn engu breyta, „þvert á móti styrki þau enn frekar það álit að umhverfisáhrif vegna Norðlingaölduveitu verði umtalsverð“ (Norðlingaölduveita sunnan Hofsjökuls, 2002). Gera má ráð fyrir því að Landsvirkjun hafi bundið vonir við að umtöluð viðbótargögn gætu aukið líkur á því að fyrirtækið fengi það sem það vildi. Svo var ekki heldur styrktu þau enn frekar sterk viðhorf Náttúruverndar ríkisins gegn framkvæmdum.

Með tímanum virtust viðhorf fólks í samfélaginu breytast og æ fleiri lýstu yfir stuðningi við það að stækka friðland Þjórsárvera og/eða hætta við framkvæmdir þar. Mögulegt er að áhrif birtinga hafi haft áhrif á breytt viðhorf en mikið var fjallað um Norðlingaölduveitu á árunum 2001-2006. Kristinn H Gunnarsson framsóknarmaður sagði í janúar 2006 að stuðningur við það að stækka friðland Þjórsárvera færi vaxandi innan flokksins. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir þáverandi formaður Samfylkingarinnar hvatti þingheim til þess að þyrma Þjórsárverum. Guðlaugur Þór Þórðarson formaður umhverfisnefndar Alþingis og þingmaður Sjálfstæðisflokksins taldi rök hníga að því að frá yrði horfið að fara í framkvæmdir við Norðlingaölduveitu í þáverandi mynd (Varla meirihluti fyrir Norðlingaölduveitu, 2006). Í janúar 2006 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur sem átti 45% hlut í Landsvirkjun að leggjast gegn Norðlingaölduveitu. Tillaga þess efnis var lögð fram af Ólafi F. Magnússyni borgarfulltrúa Frjálslynda flokksins og var samþykkt einróma. Fulltrúar

Sjálfstæðisflokksins sátu hjá en lýstu sig samt sem áður samþykka innihaldi tillögunnar og hvöttu þeir Landsvirkjun til þess að leita annarra hagkvæmra virkjanakosta. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson oddviti Sjálfstæðismanna sagði borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vera þeirra skoðunar að leggja ætti til hliðar öll áform um Norðlingaölduveitu (Borgarstjórn leggst gegn virkjun í Þjórsárverum, 2006).

Fortölur

Þriðja tilgáta rannsóknarinnar var að *fortölur birtist bæði gegnum jaðarleið og kjarnaleið hjá báðum hópum*. Sú tilgáta var studd. Í nánast allri umfjöllun má finna dæmi um annað hvort jaðarleið eða kjarnaleið. Stundum blandast þær saman. Það á bæði við í framsetningu fjölmiðlamanna á umfjöllunarefni og því hvernig viðmælendur tjá sig.

Í grein eftir Þóru Ellen Þórhallsdóttur sem birtist í Morgunblaðinu í ágúst 2002 fjallar hún um Norðlingaölduveitu. Fram kemur að höfundur er prófessor í grasafræði og hefur unnið að vistfræðirannsóknum í Þjórsárverum í 20 ár. Þessar upplýsingar ýta undir jaðarleið þar sem þær auka trúverðuleika höfundar og gefa til kynna þekkingu viðkomandi á málefninu sem um ræðir. Þóra fer að mestu leyti kjarnaleið í skrifum sínum. Hún fer yfir niðurstöður rannsókna og útskýrir áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á vistkerfi Þjórsárvera. Almennur hefur að öllum líkum ekki sömu þekkingu og Þóra Ellen á svæðinu og framkvæmdarhugmyndum. Það getur orðið til þess að lesandi túlkar upplýsingar sem Þóra setur fram eftir jaðarleið, þó Þóra skrifi þær eftir kjarnaleið. Skrif Þóru hallast einnig að jaðarleið, til dæmis í eftirfarandi texta;

Lónið næði um 5 kílómetra inn í friðlandið sjálft – sem er svipuð vegalengd og frá Tjörninni í Reykjavík og inn að Elliðaám. Það yrði um 12 km langt eftir farvegi Þjórsár og tæpir 33 km² að flatarmáli, álíka stórt og Mývatn (37 km²) og svipað að flatarmáli og allt byggt land innan borgarmarka Reykjavíkur (34 km², útivistarsvæði og óbyggt land frádregið) (Þóra Ellen Þórhallsdóttir, 2002).

Hér setur hún lónið í samhengi við svæði sem flestir Íslendingar þekkja og vegalengdir sem fólk getur gert sér grein fyrir. Niðurlag greinarinnar beinist að túlkun í gegnum jaðarleið;

Þjórsárver eru dýrmætasta hálendisvin landsins, þau eru vel afmörkuð landslagsleg og vistfræðileg

heild með árpúsunda samfellda sögu lífríkis. Norðlingaölduveita endist stutt, hún er framkvæmd sem kallar á keðjuverkandi slóða aðgerða með óæskilegum umhverfisáhrifum, og hún er framkvæmd sem hefði veruleg og óafturkræf áhrif á alla helstu þætti náttúrufars í Þjórsárverum. Er réttlæt看legt að ráðast í hana þegar aðeins hafa verið nýtt um 20% af nýtanlegri vatnsorku í landinu? (Þóra Ellen Þórhallsdóttir, 2002).

Hún notar orð eins og „dýrmætasta“, til að leggja áherslu á það mikilvægi sem svæðið hefur í hennar huga. Hún notar lýsingarorð sem eru ýkt og ýjar að því að svar lesanda við lokaspurningunni ætti að vera nei.

Í júlí 2002 birtist eftirfarandi fyrirsögn í Fréttablaðinu „lífríki Þjórsárvera munu verða í stórhættu“. Orðalag fyrirsagnarinnar beinist að því að lesandi túlki orðin gegnum jaðarleið, orð eins og „stórhætta“ eru líkleg til að vekja upp neikvæð viðbrögð. Í greininni er fjallað um að Náttúruvernd ríkisins lýsi yfir andstöðu við virkjanaáform við Norðlingaölduveitu og er öll greinin lituð af þeirri skoðun Náttúruverndar ríkisins. Fyrir neðan þessa frétt er önnur frétt sem er í raun svar við þeirri fyrri. Í þeirri frétt segir Eysteinn Hafberg, verkfræðingur hjá Landsvirkjun að áður nefnd umsögn Náttúruverndar ríkisins byggir á misskilningi (Andstaða Náttúruverndar byggir á misskilningi, 2002). Fyrirsögnin „Andstaða Náttúruverndar byggir á misskilningi“ er sett fram á þann hátt að hún grefur undan fyrri frétt.

Í frétt um að Gnúpverjar hafi áhyggjur af uppblæstri ef af Norðlingaölduveitu yrði, er talað um íbúa og sérfræðinga. Þeir sem hafa áhyggjur eru íbúar, þeir sem svara fyrir hönd Landsvirkjunar eru sérfræðingar. Slík orðanotkun ýtir undir það að þeir sem beri titilinn sérfræðingar viti meira en þeir sem eru titlaðir íbúar, þegar lesandi túlkar upplýsingarnar eftir kjarnaleið þá skipta þessi atriði máli. Nokkrir íbúar eru nefndir á nafn og sagt hvar þeir búa, frekari upplýsingar eru ekki gefnar upp. Allir íbúar eru settir undir sama hatt, óháð því hvaða forsendur þeir hafa fyrir þessum áhyggjum sínum. Þá skiptir ekki máli menntun eða reynsla og þekking íbúa af svæðinu sem um ræðir. Íbúar færðu samkvæmt fréttinni rök fyrir máli sínu og einn þeirra sagðist muna eftir áfoki áður fyrr (Óttast að erfitt verði að koma í veg fyrir uppblástur, 2002). Sömu sögu er að segja í annari frétt um Gnúpverja. Sú frétt fjallar um undirskriftalista þar sem 70% Gnúpverja skora á

yfirvöld að vernda Þjórsárver. Í fréttinni segir frá tveimur konum sem stóðu að þessum undirskriftum, þeim Svanborgu Jónsdóttur grunnskólakennari og Sigprúði Jónsdóttur. Ekki er tekið fram að Sigprúður er með meistaraþróf í beitarfræðum og landbúnaðarfræði (Landgræðsla ríkisins, e.d), sem er menntun þess eðlis að það gæti aukið vægi hennar fyrir lesanda.

Í maí 2002 birtist í Morgunblaðinu frétt sem fjallar um fossinn Dynk í Þjórsá. Fjallað er um að rennsli í fossinum kæmi til með að minnka verulega ef af framkvæmdum yrði. Fyrirsögnin „Rennslið í Dynk verður 30-40% af upprunalegu rennsli“ leggur áherslu á lítið rennsli frekar en að snúa upplýsingum við og segja að rennslið minnki um 60-70%. Í greininni er talað við Gísla Má Gíslason, formann Þjórsárveranefndar. Gísli var á mótum Norðlingaölduveitu og er að færa rök gegn framkvæmdinni. Hann gagnrýnir matsskýrslur og kemur fram með margar og staðreyndir.

Gísli Már gagnrýnir hvernig matsskýrslan, sem Skipulagsstofnun hefur nú til umfjöllunar, er sett fram.

Þar er vitnað í rit Náttúruverndarráðs um fossa á Íslandi eftir Sigurð Þórarinsson frá árinu 1978 þar sem segir að æskilegt sé að Dynkur verði friðaður. Gísli bendir á að búið sé að skerða rennsli í fossinum um 40% síðan Sigurður setti þessa skoðun sína fram, með kvíslárveitum 1–5 sem komu til sögunnar á árunum 1981–1996. Nú eigi að skerða rennslið enn frekar, þannig að það verði um 30–40% af upprunalegu rennsli (Rennslið í Dynk verður 30-40% af upprunalegu rennsli).

Hér talar Gísli gegnum kjarnaleið, hann kemur á framfæri upplýsingum sem eru þó þess háttar að lesandi sem þekkir ekki til svæðisins gæti átt erfitt með að túlka þær gegnum kjarnaleið og gæti gripið til jaðarleidar. Seinna í fréttinni talar Gísli í gegnum jaðarleið þegar hann segir, „þá verður búið að minnka vatnsmagnið í fossinum mjög mikið og fossinn verður ekki svipur hjá sjón ef þessi framkvæmd kemur til“ (Rennslið í Dynk verður 30-40% af upprunalegu rennsli, 2002). Hér reynir Gísli að sannfæra lesanda um að fyrirhugaðar framkvæmdir munu hreinlega skemma fossinn Dynk. Með fréttinni fylgir mynd af Dynk, líklega til þess að ýta undir að lesandi geri sér grein fyrir mikilvægi og hversu mikill foss hann er, enda er Dynkur foss sem sennilega færri þekkinga en marga aðra fossa.

Fyrirsögnin „Þrándur vill fórna fúafeni“ birtist í Fréttablaðinu í september 2003. Fyrirsögnin er afar gildishlaðin. Í fréttinni kemur fram að hann telji þetta vera „hálf gert fúafen, þótt þar megi

finna einhvern gróður“. Á hann við svæðið í Þjórsárverum sem var fyrirhugað að sökkva undir lón. Þar sem rök þeirra sem mótmæltu framkvæmdinni snérust að miklu leyti um að benda á lífríki og sérstöðu þess gróðurs sem þrífst í Þjórsárverum, er þessi skoðun Þrándar algerlega andstæð þeim rökum. Hann gerir einnig lítið úr skoðun meirihluta hreppsnefndar sem er honum ósammála og segir hana byggja á þráhyggju. Þrándur talar því bæði niður Þjórsárver og það fólk sem vill vernda þau. Hann fer jaðarleið með orðavali sínu og kemur ekki með nein rök þar sem hann vitnar í staðreyndir eða rannsóknir heldur einungis sína persónulegu skoðun.

Fyrirsögnin „Hreppur stendur í Landsvirkjun“ með undirfyrirsögninni „Landsvirkjun verður að fresta Norðlingaölduveitu vegna andstöðu 500 manna hrepps“ birtist í Fréttablaðinu í september 2003 (Jón Trausti Reynisson, 2003). Lesandi með litla þekkingu á málefninu túlkar orðin eftir jaðarleið. Fyrirsagnirnar eru settar fram á þann hátt að um neikvæða frétt sé að ræða. Fyrirsagnirnar koma því til lesandans að fámennur hreppur standi í vegi fyrir Landsvirkjun og það sé neikvætt. Í fréttinni er sagt að Landsvirkjun sé „nauðbeygd“ til að fresta framkvæmdum og ítrekað að 500 manna sveitarfélag sé þess valdandi. Fréttin virðist ganga út á að sannfæra lesanda um ágæti fyrirhugaðra framkvæmda og sveitamennsku íbúa sveitarfélagsins, fram kemur að flestir séu bændur og að þeir séu á fjöllum þegar fréttin er skrifuð. Tekið er fram að sveitarstjórn „óttist“ sandfok verði lón að veruleika. Gefið er í skyn að rök þeirra sem standi í vegi fyrir framkvæmdum byggist á ótta frekar en rökum. Einnig er útlistað hvernig Landsvirkjun getur fengið vilja sínum framengt þrátt fyrir andstöðu hreppsþúa. Með fréttinni fylgir loftmynd af svæðinu með nokkrum örnefnum, friðlandsmörkum og stærð fyrirhugaðs lóns. Myndin er sett fram á þann hátt að fyrirhugað lón virðist lítið.

Í frétt Morgunblaðsins 1. maí 2002 um skýrslu Landsvirkjunar um mat á umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu er flakkað milli jaðar og kjarnaleiðar. Eftirfarandi texti er skrifaður með kjarnaleið í huga;

Helstu umhverfisáhrif í lónstæði eru þau að neðsti hluti Hnífár, um 2,5 km af um 15 km langri á, fer undir lón. Um 7,2 km² af grónu landi fara undir vatn, þar af um 1,5 km² í friðlandi Þjórsárvera og þar af um 0,6

km² í Tjarnaveri. Að mati framkvæmdaraðila eru helstu áhrif lóns í 575 m.y.s. á heiðagæs og freðmýrarústir. Áhrif á aðra þætti náttúrufars eru talin minni (Nýting og verndun Þjórsárvera geta farið saman, 2002).

Það er ólíklegt að margir lesendur Morgunblaðsins séu nægilega staðkunnugir á þessum slóðum að þeir geti áttað sig á þeim staðreyndum sem þessi texti fjallar um. Til dæmis má draga það í efa að lesendur hafi vitað að það er til á sem heitir Hnífá. Því má ætla að flestir túlki textann eftir jaðarleið og reyni að túlka þær tölur sem settar eru fram án þess þó að geta sett þær í samhengi. Helstu áhrif eru á heiðagæs og freðmýrarústir, ólíklegt er að allir lesendur viti hvað freðmýrarústir eru og hvort og hvers vegna þær gætu verið merkilegar. Í fréttinni er rætt við forstjóra Landsvirkjunar og verkfræðing, færa þeir báðir rök fyrir framkvæmdinni. Eftir þeim er haft að orkan sem fengist með Norðlingaölduveitu sé nauðsynleg og ítrekað um hve hagkvæman virkjanakost er að ræða. Ekki er talað við neinn sem andmælir framkvæmdinni. Fréttinni fylgja tvær loftmyndir af Þjórsárverum og mynd af forstjóra Landsvirkjunar.

Í Fréttablaðinu í júní 2002 er fjallað um gagnrýni Náttúruverndar ríkisins á skýrslu um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Meðal þess sem Náttúruvernd gagnrýnir er notkun hugtaka í skýrslunni. Hugtökin sem um ræðir eru lítil, talsverð, nokkur og mikil áhrif. Þar er ekki að finna samanburð við hugtakið „umtalsverð umhverfisáhrif“. Samkvæmt lögum er það skilgreint sem óafturkræf áhrif á umhverfið. En í umræddri skýrslu er efsta stig umhverfisáhrifa „mikil umhverfisáhrif“. „Mikil umhverfisáhrif“ eru í skýrslunni skilgreind sem áhrif sem kunni að vera óafturkræf. Náttúruvernd ríkisins telur að þetta sé gert á þennan hátt til að draga úr vægi verstu áhrifa framkvæmdarinnar (Náttúruvernd gagnrýnir matsskýrslu, 2002). Hér er Náttúruvernd ríkisins að gagnrýna framsetningu upplýsinga sem eru settar fram á hátt sem gæti villt um fyrir lesanda sem er að reyna að fara kjarnaleið til að mynda sér skoðun á málefnum.

Björgólfur Thorsteinsson þáverandi formaður Landverndar fer jaðarleið í Morgunblaðinu á gamlársgang árið 2005 þegar hann færir rök fyrir því að vernda Þjórsárver og stækka friðlandið þar.

„Mörk friðlandsins voru ákveðin fyrir aldarfjórðungi og síðan hefur bæst við geysimikil þekking á þessu svæði. Íslenskir vísindamenn hafa komist að því að þetta er með verðmætustu svæðum miðhálandisins og

erlendir vísindamenn hafa bent á að svæðið hafi mjög mikið verndargildi á alþjóðavísu“ (Verndun Þjórsár-vera útilokar ekki virkjun, 2005).

Hér notar hann orð eins og verðmætustu og vitnar í erlenda vísindamenn. Hann bendir á að þekking á svæðinu hafi aukist mikið á síðustu árum. Hann segir að engir brýnir þjóðhagslegir hagsmunir séu fyrir því að ráðast í framkvæmdir, án þess að rökstyðja það frekar og bætir við „allt bendir til þess að það sé landi og þjóð fyrir bestu að ekki verði virkjað þarna“.

„Tefur stækkun Norðuráls“ (2003) er fyrirsögn fréttar í Fréttablaðinu í kjölfar úrskurðar setts umhverfisráðaherra. Fyrirsögnin eru orð sem höfð eru eftir þáverandi forstjóra Landsvirkjunar sem var ósáttur við úrskurðinn. Fyrirsögnin er þess háttar að hún gæti vakið þá skoðun meðal lesanda að úrskurðinn sé slæmur vegna þess að hún er sett fram á þann hátt að það sé neikvætt að stækkur Norðuráls verði ekki að sinni. Friðrik segir einnig „það er ljóst hverjum manni að þessi útfærsla sem nú liggur fyrir er verulega óhagkvæmari en sú fyrri“. Þessi setning setur athygli lesandans á að í kjölfar úrskurðarins stefni í óhagkvæmari framkvæmd en áður. Ef við gerum ráð fyrir því að lesandi viti lítið um málið og túlki upplýsingarnar eftir jaðarleið er sennilegt að hann sammælist Friðriki og sé ósáttur við úrskurðinn. Mannfólk er tapfælið og því gætu orð eins og óhagkvæmari vakið upp neikvæða skoðun.

Grænþvottur

Fjórða tilgáta rannsóknarinnar var að *grænþvottur hafi komið fram í rökum Landsvirkjunar*. Sú tilgáta var studd. Grænþvottur var áberandi í umræðu um Norðlingaölduveitu. Einkum í orðum þeirra sem studdu veituna og reyndu að láta hana líta vel út í augum annarra. Þeir sem tala fyrir framkvæmdum halda því oft fram að verndun og nýting geti vel farið saman. Það gæti flokkast undir aðra aðferð grænþvottar að setja fram fullyrðingar sem engar sannanir eru fyrir. Það er erfitt að segja með fullri vissu að verndun og nýting geti farið saman, engu að síður koma þessi rök ítrekað fram í máli þeirra sem tala fyrir framkvæmdum. Þar á meðal í máli Guðjóns Jónssonar sem starfaði sem verkfræðingur hjá VSÓ-ráðgjöf og vann skýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrir Landsvirkjun. Hann sagði að helstu niðurstöður einnar slíkar væru að friðlandið héldi sínum

einkennum, nýting og verndun svæðisins gætu farið saman og framkvæmdin myndi ekki hafa umtalsverð neikvæð áhrif (Gnúpverjar skora á yfirvöld, 2001). Af þessum orðum má túlka þrátt fyrir flókið orðalag að framkvæmdin hefði þó einhver neikvæð áhrif, en innan marka. Sömu orð má finna í skýrslu Landsvirkjunar um umhverfisáhrif Norðlingaölduveitu. Í sömu skýrslu kemur einnig fram að 8% af hreiðurstæðum heiðagæsarinnar færu undir vatn, eða 550 hreiður. Auk þess sem 7,2 ferkílómetrar af grónu landi og 2,3 ferkílómetrar af votlendi færi undir vatn (Sögð vera hagkvæmasti kosturinn, 2002). Þrátt fyrir þessi umhverfisáhrif er sagt að nýting og verndun geti farið saman.

Fimmta aðferðin við grænþvott er að eitt sé betra en annað. Sú aðferð finnst í orðum Friðriks Sophussonar þáverandi forstjóri Landsvirkjunar. Hann sagði „Landsvirkjun gæti breytt upphaflegum áformum og lækkað yfirborðshæð Norðlingaöldulóns. Markmiðið væri að lónið hefði ekki veruleg áhrif á náttúruverndargildi Þjórsárvera.“ (Búðarháls og Norðlingaöldulón til skoðunar, 2001). Í þessari setningu má finna loðna framsetningu skilaboða, hversu mikil áhrif eru veruleg áhrif? Að auki felur þessi setning í sér grænþvott vegna þess að þrátt fyrir lækkaða yfirborðshæð, þá þýðir það ekki endilega að lónið hafi engin slæm áhrif á náttúru Þjórsárvera, einungis minni slæm áhrif en það sem það er borið saman við. Sama aðferð kemur fyrir í skýrslu Landsvirkjunar um mat á umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu, en þar kemur fram að efsti hluti lónsins færi inn á friðlandið, en breytingin við að lækka yfirborðshæð lónsins niður í 575 metra yfir sjávarmáli gerði það að verkum að náttúran bæri minni skaða en annars. Í skýrslunni kemur einnig fram að með breyttri útfærslu á Norðlingaölduveitu muni umfang framkvæmdarinnar minnka og dregið sé verulega úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Mótvægisáðgerðir eiga að tryggja að enn frekar sé dregið úr umfangi áhrifa (Nýting og verndun Þjórsárvera geta farið saman, 2002). Þarna er ný útfærsla á framkvæmdum borin saman við gamla útfærslu. Nýja útfærslan hefur minni áhrif, en það þýðir ekki að hún hafi engin áhrif. En hún kemur vel út úr samanburði. Friðrik Sophusson notar fimmtu aðferðina aftur árið 2006 þegar hann segir að Norðlingaölduveita sé ekki virkjun, heldur vatnsmiðlun (Ekki eins arðsamar og Norðlingaölduveita, 2006). Þó ekki sé um að ræða virkjun, þá

voru fyrirhugaðar framkvæmdir gríðarlega umdeildar. Orðið vatnsmiðlun hljómar ef til vill eins og það sé betra en virkjun en í báðum tilfellum fylgir framkvæmdum mikið rask af mannavöldum, miðlunarlón og því sokkið land.

Gísli Már Gíslason þáverandi formaður Þjórsárveranefndar vænir Landsvirkjun um grænþvott í umræddri skýrslu. Í skýrslunni kemur fram að fossar í Þjórsá haldi einkennum sínum. Á þessum tíma hafði rennsli umræddra fossa þegar verið skert um 40% Gísli bendir á að það ætti að hafa upprunalegt rennsli þeirra í huga. Gísli bendir á að ef af Norðlingaölduveitu yrði, þá myndi rennsli í fossinum Dynk vera 60-70% en upprunalegt rennsli (Rennsið í Dynk verður 30-40% af upprunalegu rennsli, 2002). Það má færa fyrir því rök að Gísli sé að saka Landsvirkjun um þrennskonar grænþvott, að fela gallana, loðna framsetningu skilaboða og að segja ósatt. Þóra Ellen Þórhallsdóttir sakar Landsvirkjun sömuleiðis um grænþvott. Hún bendir á að í matsskýrslu Landsvirkjunar sé sagt að lón í 575 metra hæð yfir sjávarmáli sé 29 ferkílómetrar. Landsvirkjun hins vegar tekur ekki með í þessa lónsstærð flatarmál eyja sem stæðu upp úr miðju lóninu (Að virkja eða virkja ekki, 2002). Þessi grænþvottur fellur undir aðferðina um að fela galla og að segja ósatt. Þóra Ellen bendir á frekari grænþvott í umræddri skýrslu Landsvirkjunar. Hún segir;

Varnargarðar upp með Þjórsá hefðu gífurleg landslagsáhrif í því mikla víðsýni sem er í Þjórsárverum. Hvergi er minnst á landslagsáhrif varnargarða í matsskýrslu. Þar segir aftur á móti að engin mannvirki verði innan friðlandsins (en garðarnir ná um 10 km inn í það). Engar beinar rannsóknir virðast hafa verið gerðar á afleiðingum landhækkunar, s.s. áfoki yfir gróður eða áhrifum hækkaðrar grunnvatnsstöðu (Að virkja eða virkja ekki, 2002).

Samkvæmt Þóru Ellen er Landsvirkjun bæði að fela galla og segja ósatt. Ef engin mannvirki eru innan friðlands ættu varnargarðar tæplega að ná um 10 kílómetra inn í friðlandið.

Fimmtu aðferðina um grænþvott má túlka úr orðum Ólafs G. Flóvenz (2006) „ég tel það siðferðislega skyldu okkar Íslendinga að nýta endurnýjanlegar orkulindir okkar til að stuðla að minni útblæstri gróðurhúsalofttegunda í heiminum“. Sú aðferð kom einnig fram í máli Stefáns Þ. Þórssonar sem segir að ráðamenn hafi hamrað á því að það væri „siðferðisleg skylda okkar Íslendinga að virkja okkar óbeislaða vatnsafl“ vegna þess hve græn sú orka væri, miðað við orkan

sem fæst við brennslu kola og olíu (Afturfarir, 2002). Hann vænir ráðamenn um tvennskönar grænþvott, að segja að eitt sé betra en annað og að leggja áherslu á atriði sem skipta ekki máli. Í samanburður við kol og olíu er græna orkan okkar betri, þýðir það þá að hún sé gallalaus? Það ætti ekki að skipta máli þegar Íslendingar taka ákvarðanir um hvar og hvort skuli beisla vatnsorku að sumstaðar í öðrum löndum séu kol og olía brennd til að framleiða orku, því er hann að leggja áherslu á atriði sem skipta ekki máli.

Réttlætning kerfisins

Rannsóknarspurning fimm var *að réttlætning á kerfinu kæmi fram í máli þeirra sem réttlæta framkvæmdir*. Sú tilgáta var ekki studd. Fá dæmi reyndust vera í umræðunni þar sem réttlætning kerfisins komu augljóslega fram. Það skýrasta eru viðbrögð þáverandi oddvita Skeiða- og Gnúpverjahrepps í kjölfar þess að samkomulag náðist milli hreppsins og Landsvirkjunar um útfærslu á Norðlingaölduveitu. Samkvæmt því stóð til að setja framkvæmdina inn á aðalskipulag sveitarfélagsins. Aðalsteinn lýsti yfir vonbrigðum sínum með þessar málalyktir og sagði „Lengra hafi ekki verið komist með ráðherra úrskurð á bakinu“. Úr orðum hans má túlka að meirihlutinn hafi verið ósáttur við þessa niðurstöðu en þurft að sætta sig við að fylgja úrskurði ráðherra. Hann réttlætir því ákvörðun þeirra, sem þó virtist vera gegn þeirra vilja með því að segja að kerfið geri það að verkum að þau verði að taka ákvörðun í takt við úrskurð ráðherra. Þetta er dæmi um að réttlætning á kerfinu getur kallað fram skoðanir og hegðun sem eru á kostnað eigin hagsmuna eins og fjallað var um í inngangi.

Markmiðadrifin hugsun

Sjötta tilgáta rannsóknarinnar var í fjórum liðum. Sá fyrsti, snéri að markmiðaháðri hugsun, *að markmiðaháð hugsun hafi verið gegnum gangandi í umræðu um Norðlingaölduveitu. Bæði meðal þeirra sem voru með og á móti framkvæmdum*. Sú tilgáta var studd. Markmiðadrifin hugsun einkenndi umræðu um Norðlingaölduveitu. Fólk skiptist í tvær andstæðar fylkingar og voru viðbrögð þeirra við þeim fjölmörgu úrskurðum um veituna oft lituð af því hvort fólk var með eða á

móti framkvæmdum. Markmiðadrifin hugsun litaði röksemdarfærslu fólks, hvort sem það var með eða á móti framkvæmdum.

Þetta kemur glögg í ljós þegar viðbrögð við úrskurði skipulagsstofnunar í ágúst 2002 eru skoðuð. Í þeim úrskurði féllst Skipulagsstofnunin á gerð Norðlingaölduveitu, bæði í lónshæð 575 metrum og 578 metrum yfir sjávarmáli að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem voru útlistuð í úrskurðinum. Að mati Þorsteins Hilmarssonar þáverandi upplýsingafulltrúa Landsvirkjunar var vel unnið að málinu. Innan Landsvirkjunar ríkti ánægja með úrskurðinn.

Við teljum við fyrstu skoðun að Skipulagsstofnun hafi unnið vel að þessu máli, stofnunin var dugleg að leita til okkar eftir upplýsingum eins og upplýsingaskylda stjórnvalda kveður á um. Við töldum okkur hafa unnið þarna mjög vandaða skýrslu og því kemur þessi niðurstaða okkur ekki á óvart (Ánægja með úrskurðinn hjá Landsvirkjun, 2002).

Viðbrögð annara stuðningsmanna Norðlingaölduveitu voru af svipuðum toga. Valgerður Sverrisdóttir þáverandi iðnaðarráðherra sagði „...finnst mér þetta mjög mikilvægt skref sem hér er stigið og mjög jákvætt“ (Fagnar úrskurðinum en enn langt í land, 2002). Jónas Jónasson þáverandi oddviti Ásahrepps var mjög sáttur við úrskurð Skipulagsstofnunar þrátt fyrir að hann kæmi honum að óvart hve jákvæð niðurstaðan var „ég fagna þessu engu að síður og er á þeirri skoðun að það sé skynsamlegt að halda þessum framkvæmdum áfram“ auk þess sem hann tjáði sig um umhverfisáhrif framkvæmda, „ég tel að þær hafi ekki umtalsverð áhrif á Þjórsárverin“. Sveitarstjórn Ásahrepps hafði lengi verið jákvæð gagnvart Norðlingaölduveitu (Fagnar úrskurði Skipulagsstofnunar, 2002). Þetta fólk á það sameiginlegt að gleðjast yfir úrskurðinum, telja hann jákvæðan og vel unninn, enda samræmist hann skoðun þeirra.

Viðbrögð andstæðinga Norðlingaölduveitu við sama úrskurði voru á annan veg og töldu þau upp ástæður sem að þeirra mati ættu að vera fyrir því að Skipulagsstofnun hefði átt að hafna framkvæmdinni. Ólöf Guðný Valdimarsdóttir þáverandi formaður Landverndar sagði úrskurðinn mikinn vonbrigði og að þau skilyrði fyrir framkvæmdinni sem þar væru útlistuð væru mjög óljós, „rauði þráðurinn í skýrslunni styður þau sjónarmið að þarna sé um mjög vafasama framkvæmd að

ræða og úrskurður Skipulagsstofnunnar að veita leyfi með skilyrðum er í mótsögn við það sem þar kemur fram“ (Skilyrði fyrir framkvæmdinni of óljós, 2002). Árni Finnsson formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands tók í svipaðan streng og sagðist hafa átt von á því að framkvæmdinni yrði hafnað af Skipulagsstofnun. Hann benti á að Náttúruvernd ríkisins og Þjórsárveranefnd hefðu lagst gegn framkvæmdinni. Hann vitnaði í Rammáætlun „rammáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma hefur komist að þeirri niðurstöðu í sínu bráðabirgðamati að umhverfisáhrif vatnsmiðlunar í Þjórsárverum væru mikil á náttúrufar miðað við aðra valkosti“. Hann benti einnig á að Þjórsárver væru verndarsvæði samkvæmt Ramsarsamþykktinni um verndun votlendis og væri mikilvægt svæði fyrir fugla, „þetta er friðlýst svæði, þannig það er margt sem gaf okkur til kynna að Skipulagsstofnun myndi hafna þessu“ (Munum kæra úrskurðinn, 2002). Gísli Már Gíslason þáverandi formaður Þjórsárveranefndar sagði úrskurðinn ekki vera í samræmi við þær upplýsingar sem fyrir lágu, „miðað við þær upplýsingar sem lágu fyrir og alla þá vinnu sem unnin hefur verið við rannsóknir á svæðinu á því hver áhrifin af lóni, jafnvel í lægstu lónstöðu upp á 575 metra, verði kemur á óvart að Skipulagsstofnun skuli fallast á þessa framkvæmd“ (Steinhissa á úrskurðinum, 2002). Már Haraldsson þáverandi oddviti Skeiða-og Gnúpverjahrepps tók í sama streng og sagði að „sér fyndist margt í úrskurði Skipulagsstofnunnar um Norðlingaölduveitu með ólíkindum“ (Margt í úrskurðinum með ólíkindum, 2002). Landvernd sendi frá sér yfirlýsingu í kjölfar úrskurðarins, þar var vísað í skýrslu sem lögð var fram á vegum rammáætlunar vorið á undan, þar sem kom fram að þrátt fyrir að Norðlingaölduveita væri talin hagkvæmur kostur, „þá myndi hún óhjákvæmilega skerða eitt mikilvægasta náttúruverndarsvæði landsins“. Fram kemur í umsögn Landverndar um áform um framkvæmdir við Norðlingaölduveitu að lónið muni valda „umtalsverðum umhverfisáhrifum á friðlýstu svæði“, því kom niðurstaða Skipulagsstofnunnar sem var gegn umsögn Landverndar þeim að óvart (Úrskurður Skipulagsstofnunnar veldur vonbrigðum, 2002). Steingrímur J. Sigfússon þáverandi þingmaður Vinstri Grænna taldi að „andstaða aðila, sem málinu tengjast, s.s. Þjórsárveranefndar, Náttúruverndar ríkisins og sveitarstjórnar Skeiða-og Gnúpverjahrepps, hvetti Skipulagsstofnun til að hafna öllum framkvæmdum á umræddu svæði“.

Hann benti líka á „að auki hefði Skipulagsstofnun borist fjöldi athugasemda frá aðilum sem hefðu lagst eindregið gegn framkvæmdum“ (Úrskurðurinn mikil vonbrigði, 2002). Margrét Frímansdóttir þáverandi varaformaður Samfylkingarinnar og Guðni Ágústsson þáverandi landbúnaðarráðherra sögðu bæði að úrskurðurinn kæmi sér að óvart. Bæði sögðust þau á móti því að skerða Þjórsárverin (Kemur ekki til greina að skerða Þjórsárverin, 2002; Verð að fá tíma til að fara yfir úrskurðinn, 2002).

Allt þetta fólk er að bregðast við sama úrskurði Skipulagsstofnunar. Þau sem styðja framkvæmdir fagna vel unnum úrskurði, en andstæðingar framkvæmda undrast hann mjög og færa fyrir því rök að hann sé rangur.

Framangreindur úrskurður Skipulagsstofnunar var kærður til umhverfisráðherra. Í janúar 2003 kom úrskurður Jóns Kristjánssonar setts umhverfisráðherra. Samkvæmt úrskurðinum fékk Landsvirkjun leyfi til að gera veitulón, en neðar en þeir höfðu áður óskað og það var fært út úr friðlandinu og minnkað. Viðbrögð við þeim úrskurði lituðust einnig af markmiðadrifinni hugsun rétt eins og áður nefndur úrskurður Skipulagsstofnunar. Viðbrögð Drífu Hjartardóttur voru jákvæð, „ég tel þetta sé mjög góður úrskurður og það hefur greinilega mikil vinna verið lögð í málið“. Hún sagði að „ljóst væri að samfara minna lóni minnki hagkvæmnin, en samt sem áður sé mjög mikilvægt að nýta þær náttúruauðlindir sem séu á svæðinu (Vonast eftir sátt, 2003). Jákvæð viðbrögð Drífu eru í takt við skoðun hennar um að nýta náttúruauðlindir svæðisins. Friðrik Sophusson forstjóri Landsvirkjunar var undrandi á að lónið væri fært úr friðlandinu, „það kemur mér svolítið á óvart að það skuli gert að skilyrði að fara út úr friðlandinu.“. Árni Finnsson framkvæmdarstjóri Náttúruverndarsamtaka Íslands var sömuleiðis óánægður með úrskurðinn en af öðrum ástæðum, hann sagði það „vonbrigði að settur umhverfisráðherra hafi ekki hafnað framkvæmdinni“ (Tefur stækkun Norðuráls, 2003). Báðir túlka niðurstöðu setts umhverfisráðherra út frá sínum markmiðum.

Meðal heimamanna í Skeiða-og Gnúpverjahreppi var andstaða við framkvæmda-hugmyndir. Meðal þeirra heimamanna sem mest barðist gegn framkvæmdum var Sigþrúður Jónsdóttir. Í orðum hennar má greina markmiðadrifna hugsun. Í viðtali við Morgunblaðið sagði hún

„ef niðurstaða umhverfismats á svæðinu yrði ekki andstætt framkvæmdum þar væri ljóst að ekkert neitt gagn væri í því“, hún bætti svo við „það hefur ekki ennþá skapast traust meðal fólks á því og ef þessi framkvæmd fer í gegnum umhverfismat þá getum við bara lagt því“ (Náttúruperla sem ekki má stofna í hættu, 2001). Prándur Ingvarsson var í minnihluta hreppsnefndar Skeiða-og Gnúpverjahrepps og var hlynntur framkvæmdum. Í viðtali við Fréttablaðið í september árið 2003 eftir að hreppsnefndin hafði neitað Landsvirkjun um framkvæmdaleyfi sagðist hann halda að „afstaða meirihlutans byggist á þráhyggju“, enn fremur sagði hann „meirihlutinn styðst ekki við nein rök í þessari ákvörðun“ (Prándur vill fórna fúafeni, 2003). Tæplega viku seinna var aftur fjallað um af hverju meirihluti hreppsnefndar var á móti framkvæmdum í Fréttablaðinu. Þar kemur fram að meirihluti sveitarstjórnar óttist að lónið leiði af sér sandfok og að hreppurinn eigi sér litla sem enga fárhagslega hagsmuni í framkvæmdinni. Hreppurinn fengi engar tekjur af veitunni þar sem ekki kæmi til með að rísa stöðvarhús með tilheyrandi fasteignagjöldum (Hreppur stendur í Landsvirkjun, 2003). Tveimur árum fyrr höfðu 70% Gnúpverja skrifað undir áskorun um að vernda Þjórsárver (Gnúpverjar skora á yfirvöld, 2001). Fullyrðingar Prándar um þráhyggju meirihlutans og rökleysi, bera því sterkan keim af markmiðadrifinni hugsun.

Í júní 2004 náðist samkomulag á milli Skeiða-og Gnúpverjahrepps og Landsvirkjunar varðandi tilhögun Norðlingaölduveitu. Samkvæmt því átti framkvæmdin að fara á aðalskipulag sveitarfélagsins. Eftir að þetta samkomulag náðist sögðu Landsvirkjunarmenn „að með samkomulaginu sé lokið áratuga löngum deilum um þessa framkvæmd. Afar mikilvægt sé að sátt verði um veituna og góð samvinna takist við heimamenn um hana og önnur sameiginleg mál“. Yfirmaður framkvæmdarsviðs Landsvirkjunar, Agnar Olsen sagði að fyrirtækið „vera ánægt með niðurstöðuna“. Þáverandi oddviti Skeiða-og Gnúpverjahrepps, Aðalsteinn Guðmundsson leit niðurstöðuna öðrum augum, „innst inni erum við ekki sátt við þessa niðurstöðu en eftir mikil fundarhöld varð að komast að einhverju samkomulagi“ (Samkomulag við heimamenn um Norðlingaölduveitu, 2004). Hér eru viðbrögð tveggja manna við sama hlut mjög ólík. Agnar, starfsmaður Landsvirkjunar hefur það markmið að Norðlingaölduveita verði að veruleika og því er

hann ánægður og talar um sátt. Aðalsteinn, hins vegar gefur til kynna að hreppsnefnd hafi verið stillt upp við vegg með því að segja að það hafi þurft að komast að einhverju samkomulagi. Hann er þó innst inni ósáttur og ýjar að því að sáttin sem Agnar talar um, sé hreint ekki sátt. Eins og áður hefur komið fram var hreppsnefnd Skeiða-og Gnúpverjahrepps á móti framkvæmdum.

Staðfestingarskekkja

Annar liður sjöttu tilgátu var að *staðfestingarskekkjan hafi verið áberandi í máli beggja aðila*. Sú tilgáta var studd. Nokkur dæmi finnast í umræðunni um staðfestingarskekkju. Það á við þegar fólk styður við sína skoðun með því að vitna í upplýsingar sem styðja þeirra skoðun.

Í frétt um þingsályktunartillögu Katrínar Fjeldsted um að stækka friðland í Þjórsárverum og sækja um að þau verði sett á heimsminjaskrá er vitnað í nokkrar skýrslur sem styðja við verndargildi Þjórsárvera og að friðlandið ætti að vera stækkað. Í skýrslu sem unnin var að skipan iðnaðar-og umhverfisráðuneytisins kemur fram að „með virkjanaframkvæmdum yrði gengið á ómetanleg náttúruverðmæti“ og „Norðlingaölduveita er ekki fýsilegur kostur þar sem umhverfisáhrif eru mikil og orkan ekki slík að sköpum skipti“ (Þjórsárver verði sett á heimsminjaskrá, 2004).

Friðrik Sophusson segir árið 2003 í kjölfar þess að Skeiða-og Gnúpverjahreppur féllst á lónhæð í 566 metra hæð yfir sjávarmáli að nokkurs misskilnings gæti í þeirri samþykkt, Landsvirkjun vildi fá að hækka lónshæð um tvo metra yfir vetrartíma vegna ísavandamála „í þeirri samþykkt finnst okkur gæta nokkurs misskilnings en við getum sýnt fram á nýjar upplýsingar sem varpa ljósi á það að rekstraráhættan verður margfalt meiri þegar ekki fæst leyfi til að hækka lónið um tvo metra að vetrarlagi“. Vitnar Friðrik í skýrslu sem hann segir staðfesta það sem Landsvirkjun hafði haldið fram um að rekstraráhætta margfaldist ef ekki fæst leyfi fyrir þessari tveggja metra hækkun yfir vetrartíma (Tímarammi of þröngur og rekstaröryggi ekki tryggt, 2003).

Í grein árið 2005 færir Árni Finnsson formaður náttúruverndarsamtaka Íslands rök fyrir því að stækka ætti friðlandið í Þjórsárverum, hann vitnar í könnun sem Gallup gerði fyrir samtökin,

„meðal almennings sé mikill stuðningur við stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Í skoðanakönnun Gallup sem gerð var fyrir Náttúruverndarsamtökin haustið 2004 hafi um 2/3 aðspurðra stutt stækkun friðlandsins í Þjórsárverum.“ (Elva Björk Sverrisdóttir, 2005). Hann vitnar aðeins í könnun sem hentar hans skoðun.

Bjartsýnisvilla

Þriðji liður sjöttu tilgátu var að *bjartsýnisvilla kæmi fram í áformum Landsvirkjunar á þann hátt að fyrirtækið byggist við að framkvæmdir myndu ganga mjög vel*. Sú tilgáta var studd, en birtist á annan hátt en búist var við. Bjartsýnisvilla í umræðu um Norðlingaölduveitu birtist fyrst og fremst í orðum andstæðinga veitunnar er þeir væna framkvæmdaraðila um bjartsýnisvillu. Í raun er ekki hægt að fullyrða að um bjartsýnisvilluna sé að ræða þar sem aldei varð af framkvæmdum og því ekki hægt að segja til um raunverulegar afleiðingar þeirra. Þó má nokkrum sinnum lesa úr orðum þeirra sem andmæla veitunni að þeir telji framkvæmdaraðila vera of bjartsýna á afleiðingar hennar. Ólöf Guðný Valdimarsdóttir þáverandi formaður Landverndar vænir Landsvirkjun um bjartsýnisvillu þegar hún bregst við úrskurði Skipulagsstofnunnar „það er mjög óljóst hvernig menn ætla að standa að málum ef allt fer úr böndunum“ (Skilyrði fyrir framkvæmdinni of óljós, 2002). Úr orðum hennar má túlka að hún telji að Landsvirkjun sé ekki með áætlun um hvernig skuli bregðast við ef allt í kringum framkvæmdir gengur ekki að óskum. Að Landsvirkjun sé ekki búin undir að hlutir fari á versta mögulega veg, fyrirtækið sé sem sagt of bjartsýnt á að allt myndi ganga vel ef yrði af framkvæmdum. Þóra Ellen Þórhallsdóttir (2002) ýjar einnig að því að Landsvirkjun falli fyrir bjartsýnisvillunni þegar hún færir rök fyrir því að fokhætta gæti fylgt framkvæmdum. Hún bendir á að í gögnum Landsvirkjunar sé gert lítið úr þessari fokhættu án þess að rökstyðja það með rannsóknum eða gögnum. Landsvirkjun virðist bjartsýn á að fokhætta verði ekki vandamál, þrátt fyrir áhyggjur vísindamanna á borð við Þóru Ellen. Guðjón Jónsson (2002) verkfræðingur hjá VSÓ ráðgjöf og verkefnisstjóri mats á umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu viðurkenndi að áhyggjur andstæðinga veitunnar af bakvatnsáhrifum gætu átt rétt á sér, en hann segir að slík áhrif „verði að

öllum líkindum lítil“. Einnig má túlka að hann falli í bjartsýnisvilluna þegar hann tjáir sig um varnargarða sem líkur voru á að þyrfti að reisa, ekki var fjallað um þá í skýrslunni og hann sagði „þeir verða hins vegar ekki reistir nema þeirra gerist þörf“.

Akkeri

Finna má nokkur dæmi um akkeri í umræðunni um Norðlingaölduveitu. Það á að mestu leyti um lónshæð fyrirhugaðs miðlunarlóns. Margar mismunandi útgáfur komu fram þar sem lónshæð lónsins var mismunandi. Raunar benda forsvarsmenn áhugahóps um verndun Þjórsárvera á það að hærri lónshæð hefði stundum verið notuð sem akkeri til þess að fá fólk til að vera jákvæðara í garð lægri lónshæðar, þar sem henni fylgdi „minna“ lón. Svanborg Jónsdóttir bendir á þetta,

„þeir sem stæðu með gerð lónsins héldu því fram að það væri lítið, en það væri í rauninni ekki lítið að öðru leyti en því að fyrst hefði verið talað um stærra lón og þetta væri minna. Það væri samt talsvert stórt og þótt það færi ekki mikið inn á friðlandið væri lónið samt stórt og hefði áhrif í kringum sig þótt það væri ekki allt innan friðlandsins“ (Náttúruperla sem ekki má stofna í hættu, 2001).

Guðjón Jónsson starfsmaður VSO-ráðgjafar sem vann skýrslu um framkvæmdirnar fyrir Landsvirkjun talaði um að breytingin við að lækka lónið niður í 575 metra yfir sjávarmáli „hefði umtalsverð áhrif varðandi minni skaða fyrir náttúruna“. Fyrir í fréttinni er talað um hugmyndir sem áður höfðu verið uppi um lónshæð í 581 metrum yfir sjávarmáli og 593 metrum yfir sjávarmáli og notar framkvæmdaraðilli þær hugmyndir sem akkeri (Nýting og verndun Þjórsárvera geta farið saman, 2002). Í samanburði við þær hugmyndir hafði lónshæð í 575 metrum minni umhverfisáhrif.

Milli stafs og hurðar/hurðaskellir

Nokkur dæmi eru um hurðaskelli í umræðunni um Norðlingaölduveitu. Sú aðferð kemur einkum fyrir í sambandi við hugmyndir um hækkanir og lækkanir á yfirborðshæð fyrirhugaðs lóns. Fyrstu hugmyndir Landsvirkjunar um framkvæmdir á svæðinu fólu í sér stórt miðlunarlón. Seinna komu fjölmargar útgáfur til greina og var fyrirhuguð lónshæð mismunandi. Oft mátti finna samanburð í máli þeirra sem færðu rök fyrir framkvæmdum. Þá var nýrri og lægri hugmynd lónshæð borin saman við fyrri hugmyndir um hærri lónshæð en þeim fylgdu meiri umhverfisáhrif. Því var oft verið

að bera saman áhrif lóns við áhrif af mun stærra lóni þannig að samanburðurinn kom þannig vel út fyrir nýrri hugmyndir. Það má lesa úr orðum Friðriks Sophussonar þáverandi forstjóra Landsvirkjunar að fyrirtækið hafi upphaflega ætlað sér að fara í mun stærri framkvæmdir heldur en 2001 þegar eftirfarandi orð voru höfð eftir honum í Morgunblaðinu; „Landsvirkjun gæti breytt upphaflegum áformum og lækkað yfirborðshæð Norðlingaöldulóns. Markmiðið væri að lónið hefði ekki veruleg áhrif á náttúruverndargildi Þjórsárvera“ (Búðarháls og Norðlingaöldulón til skoðunar, 2001).

Árið 2004 bar Friðrik fyrirhugaðar framkvæmdir saman við eldri hugmyndir um framkvæmdir í Þjórsárverum, „nú lægi það fyrir eftir að niðurstöður nýrrar hæðarútreikninga urðu ljósar, að umhverfisáhrif veitunnar væru mun minni en talið var í fyrstu og viðunandi að mati Landvirkjunar“ (Norðlingaölduveita tilbúin fyrir næstu stækkun, 2004). Sömu túlkun má draga úr Guðjóns Jónssonar frá VSÓ-ráðgjöf, „Ljóst er að efsti hluti lónsins færi inn á friðlandið, en breytingin við að fara niður í 575 m.y.s hefði umtalsverð áhrif varðandi minni skaða fyrir náttúruna“ (Nýting og verndun Þjórsárvera geta farið saman, 2002). Úr orðum Steingríms J. Sigfússonar má lesa að hann óttaðist að Landsvirkjun væri að beita milli stafs og hurðar aðferðinni. Landsvirkjun væri í raun að biðja um að fá að hefja framkvæmdir og síðar myndu þeir vilja stækka við það sem þeir fengju í gegn, það kemur bersýnilega í ljós ef eftirfarandi orð hans eru skoðuð „Ég óttast ekki síður að fyrr en síðar beiti Landsvirkjun þrýstingi um að hækka stífluna í ljósi þess að vera komnir með löppina milli stafs og hurðar“ (Vonsvikinn með úrskurðinn, 2003).

Sokkinn kostnaður

Fjórði og síðasti liður sjöttu tilgátu var að *Landsvirkjun hafi nýtt sokkinn kostað sem rök fyrir framkvæmdum*. Sú tilgáta var studd. Dæmi um sokkinn kostnað eru að finna í umræðunni, þau eru af tvennum toga. Í fyrsta lagi þegar fjallað er um þá fjármuni og vinnu sem Landsvirkjun hafði þegar varið í undirbúning og rannsóknir fyrir Norðlingaölduveitu, eins og spáð var fyrir um og hins

vegar þegar andstæðingar veitunnar notuðu áratugalanga baráttu sem rök gegn framkvæmdum; það væri búið að verja miklum tíma í baráttu og því þyrfti að ljúka.

Augljós dæmi um að sokkinn kostnaður sé notaður sem rök fyrir framkvæmdum má finna í orðum starfsmanna Landsvirkjunar. Haft er eftir Friðriki Sophussyni þáverandi forstjóra Landsvirkjunar að „fyrirtækið hafi lagt í verulegan kostnað í löngum undirbúningi Norðlingaölduveitu“ (Tímarammi of þröngur og rekstrarörggi ekki tryggt, 2003). Sá hinn sami sagði tveimur árum fyrir að „Landsvirkjun hefði staðið að rannsóknum á þessu svæði í tvo áratugi“ (Búðarháls og Norðlingaöldulón til skoðunar, 2001). Það að mikið sé búið að rannsaka svæðið á löngu tímabili er sett fram sem rök, frekar en innihald þessara rannsókna. Þorsteinn Hilmarsson þáverandi upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar segir 11. september 2003 „kostnaður Landsvirkjunar vegna Norðlingaölduveitu stendur í um 400 milljónum krónum. Þar af er kostnaður þessa árs 30-40 milljónir króna“ (Kostnaðurinn kominn í 400 milljónir króna, 2003). Talað er um sömu upphæð, 400 milljónir í Fréttablaðinu nokkrum dögum síðar og tekið fram að „þeim peningum var ekki sóað“. Það er þó ekki rökstutt frekar hvað er átt við með því, en mögulega spilar tapfælni hér inn í og þeir vilja ekki að almenningur telji að miklum fjármunum hafa verið sóað (Jón Trausti Reynisson, 2003). Fjórum mánuðum seinna, þann 18. janúar 2006 er eftirfarandi fyrisögn í Fréttablaðinu „kostnaður við Norðlingaölduveitu: Kominn yfir einn milljarð“, í fréttinni er vitnað í Friðrik Sophusson sem segir kostnað vegna undirbúnings vera á annan milljarð (Kominn yfir einn milljarð, 2006). Kostnaður virðist hafa rokið upp á þessu 4 mánaða tímabili.

Andstæðingar veitunnar falla einnig í gildru sokkins kostnaðar og tala um að löng barátta þurfi að taka enda. Það að baráttan um Þjórsárver hafi tekið áratugi er sett fram sem rök fyrir því að henni þurfi að ljúka „Það er ekki viðunandi eftir áratuga baráttu fyrir friðun svæðisins að tíminn eigi að leiða það í ljós hvort það fær að standa ósnortið“ (Friður um friðlandið, 2006).

Lokaorð

Allar tilgátur rannsóknarinnar nema ein voru studdar. Mannhverf sjónarmið voru ríkjandi meðal þeirra sem studdu framkvæmdir en náttúruhverf sjónarmið meðal andstæðinga framkvæmda. Viðhorf þessara tveggja hópa voru sterk og birtust fortölur bæði gegnum jaðar og kjarnaleið. Grænþvottur og sokkinn kostnaður komu fram í rökum Landsvirkjunar eins og spáð var. Greina mátti markmiðaháða hugsun, staðfestingarskekkju og bjartsýnisvillu í máli beggja aðila. Sú tilgáta sem ekki var studd var *að réttlætning á kerfinu kæmi fram í máli stuðningsmanna framkvæmda*. Eina dæmið sem fannst um réttlætningu á kerfinu kom frá andstæðingum framkvæmda.

Tilgangur þessarar rannsóknar er ekki að draga ályktanir um Norðlingaölduveitu, heldur þá umræðu sem henni fylgdi. Umræða um Norðlingaölduveitu litaðist mjög af hagsmunum þeirra sem tjáðu sig um hana. Þessir hagsmunir fóru engan veginn saman og voru í raun andstæður og því má segja að umræðan hafi á köflum litast af öfgum í báðar áttir. Markmiðadrifin hugsun, átök milli náttúruhverfra og mannhverfra sjónarmiða og fortölubeiting voru gegnum gangandi og mjög áberandi í allri umræðu. Báðir hópar gerðust sekir um markmiðadrifna hugsun, ítrekað tókust á mannhverf og náttúruhverf sjónarmið. Nýting vatnsafls og meðfylgjandi miðlunarlón er í eðli sínu mannhverf framkvæmd og því litaðist allur málflutningur stuðningsmanna framkvæmda af mannhverfum sjónarmiðum. Viðhorf beggja hópa voru lífsseig og virtust hafa áhrif hegðun, eins og einkennir sterk viðhorf. Grænþvottur, sokkinn kostnaður, akkeri, staðfestingarskekkja og bjartsýnisvilla komu endurtekið fyrir í allri umræðu um Norðlingaölduveitu.

Þá ályktun má draga af þessari greiningu að hægt er að hagnýta þekkingu félagssálfræðinnar í þjóðfélagsumræðu um virkjanamál, svo og önnur umdeild mál þar sem fólk hefur ólíkra hagsmuna að gæta. Eins og í annari þjóðfélagsumræðu, þá er auðvelt að leita að merkjum um það hvernig fortölum er beitt og hvernig ólík viðhorf og hugsanavillur birtast í henni. Sálfræði getur því hjálpað okkur að skilja umræðu um virkjanaframkvæmdir rétt eins og aðra þjóðfélagsumræðu. Fólk reynir að hafa áhrif á aðra, það fellur í algengar gryfjur og nýtir tækni sem félagssálfræði getur útskýrt. Því

getur verið gagnlegt fyrir þá sem vilja kynna sér allar hliðar málefna að hafa þessi tæki og tól í huga þegar þau meta eigin afstöðu.

Friðland Þjórsárvera var stækkað í október 2017. Í dag er friðlandið því 1563 ferkílómetrar. Það var áður 358 ferkílómetrar og því fjórfaldaðist það að stærð. Björt Ólafsdóttir þáverandi umhverfisráðherra sagði hið friðlýsta land stækkað til þess að vernda svæðið og að með friðlýsingunni væri búið að vernda Þjórsárver gegn öllum áformum nú og í framtíðni (Friðlandið fjórfalt stærra en áður, 2017). Sama ár veitti Umhskeverfis- og Auðlindaráðuneytið Sigþrúði Jónsdóttur náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti fyrir áralanga baráttu fyrir verndun Þjórsárvera. Í rökstuðningi ráðherra sagði meðal annars að „Sigþrúður hafi helgað líf sitt verndun svæðisins og unnið markvisst að vitundarvakningu um einstæða náttúru þess“ (Umhverfis- og Auðlindaráðuneytið, 2017).

Náttúruhverf sjónarmið virðast hafa sigrað í deilunni um Norðlingaölduveitu. Þjórsárver eru í dag ósnert að vestan og Norðlingaölduveita hefur ekki orðið að veruleika. Umræða um Norðlingaölduveitu á árunum 2001-2006 einkenndist af markmiðadrifinni hugsun, átökum milli mannhverfa sjónarmiða og náttúruhverfa sjónarmiða, sterkum og langlífum viðhorfum og að flakki á milli jaðar og kjarnaleiðar þegar fólk færði rök fyrir máli sínu. Það mætti gera sambærilegar rannsóknir á öðrum virkjanadeilum til þess að athuga hvort sambærilegar niðurstöður fengjust.

Heimildaskrá

- Ajzen, I. (2001). Nature and Operation of Attitudes. *Annual Review of Psychology*, 52, 27-58. doi: <https://doi.org/10.1146/annurev.psych.52.1.27>
- Ajzen I, Fishbein M. 1980. *Understanding Attitudes and Predicting Social Behavior*. Englewood Cliffs, NJ: Prentice-Hall
- Ajzen, I., Timko, C., & White, J. B. (1982). Self-monitoring and the attitude–behavior relation. *Journal of personality and social psychology*, 42(3), 426. doi: <http://dx.doi.org/10.1037/0022-3514.42.3.426>
- Andstaða Náttúruverndar byggir á misskilningi. (2002, 27. júlí). *Fréttablaðið*, bls 9.
- Arkes, H. R., & Blumer, C. (1985). The psychology of sunk cost. *Organizational behavior and human decision processes*, 35(1), 124-140. doi: [https://doi.org/10.1016/0749-5978\(85\)90049-4](https://doi.org/10.1016/0749-5978(85)90049-4)
- Ánægja með úrskurðinn hjá Landsvirkjun. (2002, 14. ágúst). *Morgunblaðið*, bls 10.
- Árni Finnsson. 2002. Yfirlýsing til varnar Þjórsárverum. *Náttúruverndarsamtök Íslands*. Sótt þann 3. maí af <https://natturuvernd.is/Sida/Glaesilegur-fundur-i-Austurbaejarbioi>
- Ásta Sólhildur Þorsteinsdóttir. (2018). „Fögur orð og fyrirheit duga okkur ekki lengur.“ *Íslensk loftslagsorðræða greind í ljósi kenninga um loftslagssinnuleysi* (Meistararitgerð). Sótt 30. maí 2019 af <http://hdl.handle.net/1946/29777>
- Beder, S. (2014). Lobbying, greenwash and deliberate confusion: how vested interests undermine climate change. In M. C-T. Huang and R. R-C. Huang (Eds.), *Green Thoughts and Environmental Politics: Green Trends and Environmental Politics* (pp. 297-328). Taipei, Taiwan: Asia-seok Digital Technology
- Berelson, Bernard. (1952). *Content analysis in communication research*. New York: Hafner
- Berger, A. A. (1998). *Media Analysis Techniques*. London: SAGE Publications.

- Boninger, D. S., Krosnick, J. A., & Berent, M. K. (1995). Origins of attitude importance: self-interest, social identification, and value relevance. *Journal of personality and social psychology*, 68(1), 61. doi: <http://dx.doi.org/10.1037/0022-3514.68.1.61>
- Borgarstjórn leggst gegn virkjun í Þjórsárverum. (2006, 18. janúar). *Fréttablaðið*, bls 6.
- Bragi Sigurjónsson. 1948. *Göngur og réttir, 1 bindi*. Akureyri, Bókaútgáfan Norðri.
- Burger, J. M. (1999). The foot-in-the-door compliance procedure: A multiple-process analysis and review. *Personality and social psychology review*, 3(4), 303-325. doi: https://doi.org/10.1207/s15327957pspr0304_2
- Búðarháls og Norðlingaöldulón til skoðunar. (2001, 7. apríl). *Morgunblaðið*, bls 4.
- Chaiken, S. (1979). Communicator physical attractiveness and persuasion. *Journal of Personality and Social Psychology*, 37(8), 1387. doi: <http://dx.doi.org/10.1037/0022-3514.37.8.1387>
- Crano, William D. (1983). "Assumed consensus of attitudes: The effect of vested interest". *Personality and Social Psychology Bulletin*. 9: 597–607.
- Crano, W. D., & Prislín, R. (1995). Components of Vested Interest and Attitude-Behavior Consistency. *Basic and Applied Social Psychology*, 17(1-2), 1–21. doi:10.1080/01973533.1995.9646129
- Dahl, R. (2010). Green washing: Do you know what you're buying? *Environmental Health Perspectives*, 118(6), A246. <https://doi.org/10.1289/ehp.118-a246>
- Dave, C., & Wolfe, K. W. (2003). On confirmation bias and deviations from Bayesian updating. Sótt 20. febrúar 2019 af: http://www.peel.pitt.edu/esa2003/papers/wolfe_confirmationbias.pdf.
- Deacon, D., Pickering, M., Golding, P. og Murdock, G. (2007). *Researching Communications: A Practical Guide to Methods in Media and Cultural Analysis*. 2. útg. London: Hodder and Stoughton.
- Delmas, M. A., & Burbano, V. C. (2011). The drivers of greenwashing. *California management review*, 54(1), 64-87. doi: <https://doi.org/10.1525/cm.2011.54.1.64>

- Dobson, A. (2000). *Green Political Thought* (3. útg.). London: Routledge.
- Dugmore, A., Church, M. J., Mairs, K.-A., McGovern, T. H., Perdikaris, S. og Orri Vésteinsson. (2007). Abandoned Farms, Volcanic Impacts, and Woodland Management: Revisiting Þjórsárdalur, the "Pompeii Of Iceland". *Arctic Anthropology*, 44(1), bls. 1-11. doi: 10.1353/arc.2011.0021
- Ekki eins arðsamar og Norðlingaölduveita. (2006, 3. janúar). *Morgunblaðið*, bls 6.
- Erum með mörg járn í eldinum. (2001, 28. júní). *Morgunblaðið*, bls 12.
- Fagnar úrskurði Skipulagsstofnunar. (2002, 14. ágúst). *Morgunblaðið*, bls 12.
- Fagnar úrskurðinum en enn langt í land. (2002, 14. ágúst). *Morgunblaðið*, bls 10.
- Farið hundrað ferðir í fjallasal. 2016, 22. september. *Morgunblaðið*, baksíða.
- Feygina, I., Jost, J. T., & Goldsmith, R. E. (2010). System justification, the denial of global warming, and the possibility of "system-sanctioned change". *Personality and social psychology bulletin*, 36(3), 326-338. doi: <https://doi.org/10.1177/0146167209351435>
- Freedman, J. L., & Fraser, S. C. (1966). Compliance without pressure: the foot-in-the-door technique. *Journal of personality and social psychology*, 4(2), 195. doi: <http://dx.doi.org/10.1037/h0023552>
- Friðlandið fjórfalt stærra en áður. 2017, 9 október. *Fréttastofa RÚV*. Sótt þann 2. maí 2019 af <https://www.ruv.is/frett/fridlandid-fjorfalt-staerra-en-adur>
- Fong, C. (2001). Social preferences, self-interest, and the demand for redistribution. *Journal of Public Economics*, 82, 225–246. doi: [https://doi.org/10.1016/S0047-2727\(00\)00141-9](https://doi.org/10.1016/S0047-2727(00)00141-9)
- Friðlandið er óskert. (2003, 31. janúar). *Morgunblaðið* forsíða.
- Friður um friðlandið. (2006, 25. janúar). *Morgunblaðið* bls, 24.
- Gallup. Engin dagsetning. *Prentmiðlar*. Sótt 2. maí af <https://www.gallup.is/nidurstodur/fjolmidlar/prentmidlar/>
- Gigerenzer, G. og Gaissmaier, W. (2011). Heuristic Decision Making. *Annual Review Of Psychology*, 62(1), 451-482. doi: <http://dx.doi.org/10.1146/annurev-psych-120709-145346>

- Giner-Sorolla, R., & Chaiken, S. (1997). Selective use of heuristic and systematic processing under defense motivation. *Personality and Social Psychology Bulletin*, 23(1), 84-97. Haggett, C. (2014). 'Planning and persuasion': public engagement in renewable energy decision-making. *In Renewable Energy and the Public* (pp. 47-60). Routledge.
- Glick, P., & Fiske, S. T. (2001). An ambivalent alliance: Hostile and benevolent sexism as complementary justifications for gender inequality. *American psychologist*, 56(2), 109.
- Gnúpverjar skora á yfirvöld. (2001, 28. júní). *Morgunblaðið*, bls 12.
- Guadagno, R. E., Asher, T., Demaine, L. J., & Cialdini, R. B. (2001). When saying yes leads to saying no: Preference for consistency and the reverse foot-in-the-door effect. *Personality and Social Psychology Bulletin*, 27(7), 859-867. doi: <https://doi.org/10.1177/0146167201277008>
- Guðrún Ásta Guðmundsdóttir. (2012). *Hlutlægni fréttu í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu: Innihaldsgreining á umfjöllun um Evrópusambandið í aðdraganda alþingiskosninganna 2009* (Meistararitgerð). Sótt 30. maí 2019 af <http://hdl.handle.net/1946/10505>
- Gunnar Karlsson. „Hvaða áhrif höfðu Skaftáreldar á Ísland og íslenskt samfélag?“ *Vísindavefurinn*, 7. febrúar 2013. Sótt 4. maí 2019. <http://visindavefur.is/svar.php?id=63643>.
- Guo, R., Tao, L., Li, C. B., & Wang, T. (2017). A path analysis of greenwashing in a trust crisis among Chinese energy companies: The role of brand legitimacy and brand loyalty. *Journal of business ethics*, 140(3), 523-536. doi: <https://doi.org/10.1007/s10551-015-2672-7>
- Guðjón Jónsson. (2002, 30. október). Hálfkveðnar vísur. *Morgunblaðið*, bls 30.
- Guðmundur Páll Ólafsson. 1990. *Perlur í náttúru Íslands*. Reykjavík, Mál og Menning.
- Guðmundur Páll Ólafsson. 2000. *Hálendið í náttúru Íslands*. Reykjavík, Mál og Menning.
- Guðmundur Páll Ólafsson. 2007. *Þjórásarver*. Reykjavík, Mál og Menning.
- Hansen, A., Cottle, S., Negrine, R og Newbold, C. (1998). *Mass Communication Research Methods*. London: MacMillan Press.

- Hansen, K. A. (2003). Using databases for content analysis. Í G. H. Stempel III, D. H. Weaver og G. C. Wilhoit (ritstjórar), *Mass communication research and theory*.
- Haselton, M. G., Nettle, D., & Murray, D. R. (2015). The evolution of cognitive bias. *The handbook of evolutionary psychology*, 1-20.
- Heilbrigðis-og Tryggingamálaráðuneytið. 2003. *Úrskurður*. Sótt 4. maí 2019 af <http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/698/%C3%9Arskur%C3%B0ur%20r%C3%A1%C3%B0herra%20um%20Nor%C3%B0linga%C3%B6ldu.pdf>
- Henry, P. J., & Saul, A. (2006). The development of system justification in the developing world. *Social Justice Research*, 19, 365-378. doi: <https://doi.org/10.1007/s11211-006-0012-x>
- Howe, L. C., & Krosnick, J. A. (2017). Attitude strength. *Annual review of psychology*, 68, 327-351. doi: <https://doi.org/10.1146/annurev-psych-122414-033600>
- Hulda Þórisdóttir. (2009). *Afsprengrí aðstaðna og fjötruð skynsemi: Aðdragandi og orsakir efnahagshrunsins á Íslandi frá sjónarhóli kenninga og rannsókna í félagslegri sálfræði*. (Bindi 8, viðauki II). Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis.
- Imhof, A., & Lanza, G. R. (2010). Greenwashing hydropower. *World watch*, 23(1), 8-14.
- Jost, J., & Hunyady, O. (2003). The psychology of system justification and the palliative function of ideology. *European review of social psychology*, 13(1), 111-153. doi: <https://doi.org/10.1080/10463280240000046>
- Jost, J. T., & Hunyady, O. (2005). Antecedents and consequences of system-justifying ideologies. *Current directions in psychological science*, 14(5), 260-265. doi: <https://doi.org/10.1111/j.0963-7214.2005.00377.x>
- Jost, J. T., Liviatan, I., van der Toorn, J., Ledgerwood, A., Mandisodza, A., & Nosek, B. A. (2009). System justification: How do we know it's motivated? In R. Bobocel et al. (Eds.), *The psychology of justice and legitimacy: The Ontario symposium* (Vol. 11). Hillsdale, NJ: Lawrence Erlbaum.

- Jost, J. T., Pelham, B. W., Sheldon, O., & Ni Sullivan, B. (2003). Social inequality and the reduction of ideological dissonance on behalf of the system: Evidence of enhanced system justification among the disadvantaged. *European journal of social psychology*, 33(1), 13-36. doi: <https://doi.org/10.1002/ejsp.127>
- Jost, J. T., & Thompson, E. P. (2000). Group-based dominance and opposition to equality as independent predictors of self-esteem, ethnocentrism, and social policy attitudes among African Americans and European Americans. *Journal of Experimental Social Psychology*, 36(3), 209-232. doi: <https://doi.org/10.1006/jesp.1999.1403>
- Jón Trausti Reynisson. (2003, 16. september). Hreppur stendur í Landsvirkjun. *Fréttablaðið*, bls 8.
- Justinussen, J. C. S. (2015). The role of human capital & knowledge institutes in energy development. *Arctic*.
- Juurikkala, O. (2012). The behavioral paradox: why investor irrationality calls for lighter and simpler financial regulation. *Fordham J. Corp. & Fin. L.*, 18, 33.
- Kahneman, D., Slovic, P., & Tversky, A. (Eds.). (1982). *Judgment under uncertainty: Heuristics and biases*. Cambridge university press.
- Kemur ekki til greina að skerða Þjórsárverin. (2002, 15. ágúst). *Morgunblaðið*, bls 12.
- Klein, C. T., & Helweg-Larsen, M. (2002). Perceived control and the optimistic bias: A meta-analytic review. *Psychology and health*, 17(4), 437-446. doi: <https://doi.org/10.1080/0887044022000004920>
- Kominn yfir einn milljarð. (2006, 18. janúar). *Fréttablaðið*, bls 6.
- Kostnaðurinn kominn í 400 milljónir króna. (2003, 11. september). *Fréttablaðið*, bls 4.
- Kotler, P. (2011). Reinventing marketing to manage the environmental imperative. *Journal of marketing*, 75(4), 132-135. doi: 10.1509/jmkg.75.4.132.
- Krippendorff, K. (2004). *Content Analysis. An Introduction to its Methodology*. California: Sage Publications.

- Kristín Björnsdóttir (2013). Orðræðugreining. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.) *Handbók í aðferðafræði rannsókna*. (bls. 269-280). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Krosnick, J. A., & Petty, R. E. (1995). Attitude strength: An overview. *Attitude strength: Antecedents and consequences*, 1, 1-24.
- Kumkale, G. T., & Albarracín, D. (2004). The sleeper effect in persuasion: a meta-analytic review. *Psychological bulletin*, 130(1), 143. doi: <http://dx.doi.org/10.1037/0033-2909.130.1.143>
- Kunda, Z. (1990). The case for motivated reasoning. *Psychological bulletin*, 108(3), 480.
- Landgræðsla ríkisins. (e. d.). Sótt 10. apríl 2019 af <https://www.land.is/sigthrudur-jonsdottir-2/>
- Landsvirkjun. Engin dagsetning. *Blöndustöð*. Sótt þann 2. maí 2019 af <https://www.landsvirkjun.is/media/stodvar-landsvirkjunar/Blanda-isl.pdf>
- Landsvirkjun. 2002. *Matsskýrsla*. Sótt þann 3. maí 2019 af https://www.landsvirkjun.is/Media/Matsskyrsla_samantekt.pdf
- Levine, R. (2003). *The power of persuasion: How we're bought and sold*. John Wiley & Sons.
- Lífriki Þjórsárvera mun verða í stórhættu. (2002, 27. júlí). *Fréttablaðið*, bls 9.
- Líkur á að lónið fyllist á skemmri tíma en áður var talið. (2002, 6. júní). *Morgunblaðið*, bls 37.
- Lyon, T. P., & Maxwell, J. W. (2011). Greenwash: Corporate environmental disclosure under threat of audit. *Journal of Economics & Management Strategy*, 20(1), 3-41. doi: <https://doi.org/10.1111/j.1530-9134.2010.00282.x>
- Lyon, T. P., & Montgomery, A. W. (2015). The means and end of greenwash. *Organization & Environment*, 28(2), 223-249. doi: <https://doi.org/10.1177/1086026615575332>
- Lög um mat á umhverfisáhrifum nr 106/2000
- Margt í úrskurðinum með ólíkindum. (2002, 14. ágúst). *Morgunblaðið*, bls 12.
- Merchant, C. (2006). The scientific revolution and the death of nature. *Isis*, 97(3), 513-533. doi: <https://doi.org/10.1086/508090>
- McQuail, Denis. (2005). *McQuail's Mass Communication Theory* (5. útgáfa). London: SAGE Publications.

- Munum kæra úrskurðinn. (2002, 14. ágúst). *Morgunblaðið*, bls 10.
- Nash, R. D. (1989). *The Rights of Nature: A History of Environmental Ethics (History of American Thought and Culture)*. Wisconsin: University of Wisconsin Press.
- Náttúruperla sem ekki má stofna í hættu. (2001, 1. júlí) *Morgunblaðið C*, bls 19.
- Náttúruvernd gagnrýnir matsskýrslu. (2002, 6. júní). *Fréttablaðið*, bls 10.
- Neuendorf, K.A. (2002). *The content analyses guidebook*. Thousand Oaks: Sage publications, inc.
- Nickerson, R. S. (1998). Confirmation bias: A ubiquitous phenomenon in many guises. *Review of general psychology*, 2(2), 175-220. doi: <https://doi.org/10.1037/1089-2680.2.2.175>
- Norðlingaölduveita sunnan Hofsjökuls. (2002, 12. ágúst). *Fréttablaðið*, bls 2.
- Norðlingaölduveita tilbúin fyrir næstu stækkun. (2004, 21. apríl). *Morgunblaðið*, bls 6.
- Nýting og verndun Þjórsárvera geta farið saman. (2002, 1. maí). *Morgunblaðið*, bls 38-39.
- O'Keefe, D. J., & Figg, M. (1997). A guilt-based explanation of the door-in-the-face influence strategy. *Human Communication Research*, 24, 64-81. doi: <https://doi.org/10.1111/j.1468-2958.1997.tb00587.x>
- Ólafur G. Flóvenz. (2006, 18. janúar). Framtíðarkostir í orkumálum Íslendinga - Athugasemdir vegna sjónvarpsviðtals. *Morgunblaðið*, bls 29.
- Óli Halldórsson. „Náttúran, siðfræðin og stjórnsýslan.“ *Vísindavefurinn*, 11. nóvember 2002. Sótt 11. febrúar 2019. <http://visindavefur.is/svar.php?id=70772>.
- Óttast að erfitt verði að koma í veg fyrir uppblástur. (2002, 9. maí). *Morgunblaðið*, bls 10).
- Perloff, R.M. (2003). *The dynamics of persuasion: Communication and attitudes in the 21st century* (2. útg.). Mahwah, NJ: Lawrence Erlbaum Associates.
- Petty, R. E., & Cacioppo, J. T. (1986). The elaboration likelihood model of persuasion. In *Communication and persuasion* (pp. 1-24). Springer, New York, NY. doi: https://doi.org/10.1007/978-1-4612-4964-1_1

- Petty, R. E., Cacioppo, J. T., & Goldman, R. (1981). Personal involvement as a determinant of argument-based persuasion. *Journal of personality and social psychology*, 41(5), 847. doi: <http://dx.doi.org/10.1037/0022-3514.41.5.847>
- Pratto, F., Sidanius, J., Stallworth, L. M., og Malle, B. F. (1994). Social dominance orientation: A personality variable predicting social and political attitudes. *Journal of personality and social psychology*, 67(4), 741.
- Priester, J. R., Brinol, P., & Petty, R. E. (2009). Mass media attitude change: Implications of the elaboration likelihood model of persuasion. Í *Media effects* (bls. 141-180). Routledge.
- Prior, Lindsay. (2009). Documents and Action. Í Pertti Alasuutari, Leonard Bickman og Julia Brannen (Ritstj.) *The Sage Handbook of Social Research Methods* (bls.481-482). London: Sage Publications.
- Pryor, J. B., Gibbons, F. X., Wicklund, R. A., Fazio, R. H., & Hood, R. (1977). Self-focused attention and self-report validity 1. *Journal of Personality*, 45(4), 513-527. doi: <https://doi.org/10.1111/j.1467-6494.1977.tb00168.x>
- Rankin, L. E., Jost, J.T. og Wakslak, C. J. (2009). System justification and the meaning of life: are the existential benefits of ideology distributed unequally across racial groups? *Social Justice Research* 22, 312-333. doi: <https://doi.org/10.1007/s11211-009-0100-9>
- Rennslið í Dynk verður 30-40% af upprunalegu rennsli. (2002, 11. maí). *Morgunblaðið*, bls 12.
- Roxburgh, C. (2003). Hidden flaws in strategy. *McKinsey quarterly*, (2), 26-39.
- Rýrir náttúruverndargildi Þjórsárvera. (2002, 4. júní) *Fréttablaðið*, bls 2.
- Samkomulag við heimamenn um Norðlingaölduveitu. (2004, 4. júní). *Morgunblaðið*, bls 6.
- Sigmar Arnarsson. (2008). *Fjölmiðlaumfjöllun um Kárahnjúkavirkjun í dagblöðum: umfjöllun í marsmánuðum 2003-2007* (Meistararitgerð). Sótt 30. maí 2019 af <http://hdl.handle.net/1946/1634>
- Sigrún Pálsdóttir (ritstj.). (2005). *Landsvirkjun 1965-2005*. Fyrirtækið og umhverfi þess. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Skilyrði fyrir framkvæmdinni of óljós. (2002, 14. ágúst). *Morgunblaðið*, bls 10.

- Skipulagsstofnun. 2002, 12. ágúst. *Norðlingaölduveita sunnan Hofsjökuls*. Úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Reykjavík. Sótt þann 3. maí af <http://www.skiplag.is/media/attachments/Umhverfismat/697/2002010064.PDF>
- Stefán P. Þórssón. Afturfarir. (2002, 6. desember). *Morgunblaðið*, bls 58.
- Steinhissa á úrskurðinum. (2002, 14. ágúst). *Morgunblaðið*, bls 12.
- Stemler, S. (2001). An overview of content analysis. *Practical assessment, research & evaluation*, 7(17), 137-146.
- Stempel, G. H., III. (2003). Content analysis. Í G. H. Stempel III, D. H. Weaver og G. C. Wilhoit (ritstjórar), *Mass communication research and theory* (209-219). Cleveland: Pearson Education, Inc.
- Stokes, J. (2013). *How to do media and cultural studies*. (2. útgáfa). London: Sage
- Strough, J., Mehta, C. M., McFall, J. P., & Schuller, K. L. (2008). Are older adults less subject to the sunk-cost fallacy than younger adults?. *Psychological Science*, 19(7), 650-652. doi: <https://doi.org/10.1111/j.1467-9280.2008.02138.x>
- Sævar Helgi Bragason. (2010). Eldgosið í Öraefajökli 1362. *Stjörnufræðivefurinn*. Sótt þann 4. maí af <http://www.stjornuskodun.is/eldgosid-i-oraefajokli-1362>
- Sögð vera hagkvæmasti kosturinn (2002, 2. maí). *Fréttablaðið*, bls 4.
- Tan, H. T., & Yates, J. F. (1995). Sunk cost effects: The influences of instruction and future return estimates. *Organizational Behavior and Human Decision Processes*, 63(3), 311-319. doi: <https://doi.org/10.1006/obhd.1995.1082>
- Tasic, S. (2011). Are regulators rational?. *Journal des conomistes et des tudes Humaines*, 17(1). doi: <https://doi.org/10.2202/1145-6396.1248>
- Taylor, S. E., & Brown, J. D. (1988). Illusion and well-being: a social psychological perspective on mental health. *Psychological bulletin*, 103(2), 193.
- Tefur stækkun Norðuráls. (2003, 31. janúar). *Fréttablaðið*, bls 2.

- TerraChoice Environmental Marketing Inc. (2010). *The Sins of Greenwashing: Home and Family Edition*. Sótt 21. febrúar 2019 af <http://sinsofgreenwashing.com/index35c6.pdf>
- Tímarammi of þröngur og rekstaröryggi ekki tryggt. (2003, 6. september). *Morgunblaðið*, bls 6
- Tversky, A., & Kahneman, D. (1974). Judgment under uncertainty: Heuristics and biases. *Science*, 185(4157), 1124-1131. doi: 10.1126/science.185.4157.1124
- Tversky, A., & Kahneman, D. (1991). Loss aversion in riskless choice: A reference-dependent model. *The quarterly journal of economics*, 106(4), 1039-1061. doi: <https://doi.org/10.2307/2937956>
- Tybout, A. M. (1978). Relative effectiveness of three behavioral influence strategies as supplements to persuasion in a marketing context. *Journal of Marketing Research*, 15(2), 229-242. doi: <https://doi.org/10.1177/002224377801500206>
- Umhverfis-og Auðlindaráðuneytið. 2017. *Náttúruverndarviðurkenning Sigríðar í Brattholti*. Sótt þann 2. maí af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-natturuvernd/vidburdir-og-sjodir/dagur-islenskrar-natturu/vidurkenning-sigridar-i-brattholti/>
- Umhverfisstofnun. 2011. *Ramsarsvæðin á Íslandi*. Sótt þann 3. maí 2019 af <https://www.ust.is/einstaklingar/frettir/frett/2011/08/10/Natturskodun-Ramsar-40-ara/>
- Undrandi á úrskurðinum. (2002, 15. ágúst). *Morgunblaðið*, bls 12.
- Úrskurður Skipulagsstofnunar veldur vonbrigðum. (2002, 14. ágúst). *Morgunblaðið*, bls 12.
- Úrskurðurinn mikil vonbrigði. (2002, 15. ágúst). *Morgunblaðið*, bls 12.
- Verð að fá tíma til að fara yfir úrskurðinn. (2002, 15. ágúst). *Morgunblaðið*, bls 12.
- Vill enga Norðlingaölduveitu. (2006, 10. janúar). *Fréttablaðið*, bls 2.
- Þjósárver verði sett á heimsminjaskrá. (2004, 29. október). *Morgunblaðið*, bls 10.
- Þóra Ellen Þórhallsdóttir. 1988. Þjósárver. Í Hjalti Kristgeirsson (ritst.), *Ferðafélag Íslands, árbók*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands
- Þóra Ellen Þórhallsdóttir. (2002, 25. ágúst). Að virkja eða virkja ekki. *Morgunblaðið*, bls 30.

Pórný Barðadóttir. (2016). *Norðurslóðir í íslenskum fjölmiðlum* (Meistararitgerð). Sótt 30. maí 2019 af <http://hdl.handle.net/1946/23782>

Prándur vill fórna fúafeni. (2003, 11. september 2005). *Fréttablaðið*, bls 4.

Varla meirihluti fyrir Norðlingaölduveitu. (2006, 18. janúar). *Fréttablaðið*, bls 4.

Verndun Þjósárvera útilokar ekki virkjun. (2005, 31. desember). *Morgunblaðið*, bls 11.

Vonast eftir sátt. (2003, 31. janúar). *Fréttablaðið*, bls 2.

Vonsvikin með úrskurðinn. (2003, 31. janúar). *Fréttablaðið*, bls 2.

Wakslak, C. J., Jost, J. T., Tyler, T. R., & Chen, E. S. (2007). Moral outrage mediates the dampening effect of system justification on support for redistributive social policies. *Psychological science*, 18(3), 267-274. doi: <https://doi.org/10.1111/j.1467-9280.2007.01887.x>

Zajonc, R. B. (1968). Attitudinal effects of mere exposure. *Journal of personality and social psychology*, 9(2p2), 1. doi: <http://dx.doi.org/10.1037/h0025848>